

Ársskýrsla 2007



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun og umbrot: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið í ágúst 2008



Ríkislögreglustjórinn
Ársskýrsla 2007

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli	7
Skipulag embættis ríkislögreglustjóra	9
Hlutverk	9
Skipurit	9
Yfirstjórn	10
Nýskipan lögreglumála	10
Löggæsluáætlun 2007–2011	11
Samningar gerðir við lögregluembættin um árangursstjórnun	11
Áætlun ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008	12
Rekstrarsvið	15
Bíla- og búnaðarmiðstöð	16
Búnaður lögreglumanna	17
Nýr einkennisfatnaður lögreglunnar	17
Tölvudeild	18
Löggæsla og öryggi	21
Almannavarnadeild	21
Alþjóðadeild	24
Fjarskiptamiðstöð	26
Greiningardeild	26
Sérsvait	27
Öryggismál	28

Stjórnsýslusvið	31
Afbrotatölfræði og forvarnir	31
Efnahagsbrotadeild	33
Félagastuðningur	34
Fíkniefnamálefni	35
Innra eftirlit	36
Kennslanefnd (ID-nefnd)	36
Starfsmannamál	36
Ofbeldi gegn lögreglumönnum	41
Umferðarmál	42
 Viðauki	 45
Viðauki ársskýrslu 2007	45
Ný lögreglulög. Embætti ríkislögreglustjóra	45
Markviss þróun lögreglunnar	46
Krefjandi verkefni reyna á skipulag, búnað og mannafla	46
Markviss framþróun	51
Úttekt Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjóra	52



Formáli



Ársskýrsla þessi er sú tíunda sem ríkislögreglustjóri gefur út. Af því tilefni er í viðauka tekið saman yfirlit um þróun embættisins og áhrif þess á lögregluna í landinu.

Í formála að fyrstu ársskýrslu embættisins kynnti ég hugmyndir að breytingum á skipulagi lögreglunnar, fjölda lögreglustjóra og hlutverki þeirra sem gætu leitt til bættrar starfsemi og skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfis lögreglunnar. Þessar hugmyndir hafa gengið eftir að verulegu leyti.

Ríkislögreglustjóri hefur haft forystu í málefnum lögreglunnar og stuðlað að framþróun á því sviði. Embættið hefur byggt upp ýmis verkefni á

landsvísu, eins og fjarskiptamiðstöð, bílamiðstöð, sérsveit, almannavarnadeild, grein-ingardeild og alþjóðadeild. Mörg verkefna embættisins eru frumkvæðisvinna sem þróuð hafa verið frá grunni.

Til framtíðar litið hef ég viðrað þau sjónarmið að lögreglustjóraembættum verði fækkað enn frekar og að lögreglustjórar hafi nánast eingöngu með höndum lögregluverkefni en ekki verkefni sýslumanna og tollstjóra og að lögreglan verði ein heild undir stjórn ríkislögreglustjóra. Fjárveitingar til lögreglumála færast til embættis ríkislögreglustjóra sem ráðstafar þeim til lögreglustjóra og löggæsluverkefna eftir áherslum á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi verði fjárveitingum og starfskröftum best varið til árangurs. Sérfræðingar um stjórnskipulag lögreglu hafa í þessu sambandi bent á fyrirkomulag lögreglumála á Írlandi og telja að þar megi meðal annars leita fyrirmynda. Þá hef ég reifað þá skoðun að lögreglustjórar fari ekki með ákærvald.

Þegar hugað er að breytingum á fyrirkomulagi lögreglumála verður ætíð að gæta þess að þær efla starfsemi lögreglunnar og tryggi öryggi borgaranna.

Ágúst 2008

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri




Skipulag embættis ríkislögreglustjóra

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaganna nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannaþinga, í umboði dómsmálaráðherra.

Skipurit



Yfirstjórn

Skipurit embættisins var einfaldað og meginstöðum þess fækkað úr fimm í þrjár í kjölfar skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2007. Undir rekstrarsvið falla fjármál og rekstur, einkennisföt og búnaðarmál lögreglu, rekstur bílamiðstöðvar, upplýsingatæknimál og skrifstofuhald. Undir löggæslu- og öryggissvið falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsvísulsvið falla starfsmannamál, samræming og innra eftirlit, forvarnir og fjölmiðlasamskipti, tölfræði, fræðilegar rannsóknir, útgáfumál og þróunarverkefni, tæknimál, rannsóknir efnahagsbrota og lögfræðileg málefni.



Nýskipan lögreglumála

Megintilgangur nýrra laga nr. 46/2006 er að efla og bæta löggæsluna og gera hana betur í stakk búna til að takast á við ný og krefjandi verkefni. Lögin, sem tóku gildi 1. janúar 2007, kveða á um breytingar á skipulagi lögreglunnar. Helstu breytingarnar sem urðu á starfsumhverfi lögreglu og sýslumanna eru þær að lögregluumdæmum var fækkað úr 26 í 15. Skipulagi rannsóknardeilda var breytt í þeim tilgangi að efla og styrkja rannsóknir sakamála, en sérstakar rannsóknardeildir eru nú starfræktar hjá sjö lögregluembættum.

Greiningardeild var stofnuð hjá embætti ríkislögreglustjóra á grundvelli laganna og er henni ætlað að vinna áhættumat á skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkum, ógn við öryggi ríkisins og öfgahópum.

Löggæsluáætlun 2007–2011

Dómsmálaráðherra gerði samning við ríkislögreglustjóra í mars 2007 um árangursstjórnun. Samningurinn færði embættinu aukna ábyrgð á árangri lögregluliðanna í landinu. Með honum var ríkislögreglustjóra falið að leggja fram tillögur til ráðuneytisins um fjögurra ára löggæsluáætlun um helstu verkefni, forgangsröðun og áherslur til 30. apríl 2011. Þær voru mótaðar hjá embættinu og sendar Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra í apríl 2007. Hann kynnti tillögurnar síðan sem löggæsluáætlun fyrir árin 2007 til 2011 í maímánuði. Er það í fyrsta sinn sem heildstæð stefna um störf og framtíðarsýn lögreglu af því tagi er gerð og markar hún því nokkur tímamót í löggæslumálum.

Í löggæsluáætlun kemur fram að stjórnáætlunarlutverk embættis ríkislögreglustjóra er auknið til muna og því er falið að gera samning um árangursstjórnun við hvern og einn lögreglustjóranna. Hver samningur skal taka mið af því lögregluumdæmi sem í hlut á. Þannig verða meginmarkmið lögreglunnar þau sömu alls staðar á landinu þó að gert sé ráð fyrir að áhersla á einstaka málaflokka geti verið ólík milli lögregluumdæma. Samræmd afbrotatölfræði fyrir allt landið verður unnin við embætti ríkislögreglustjóra og kynnt mánaðarlega. Með því móti verður unnt að mæla með öruggum hætti hvort leiðir að markmiðum í löggæslu beri árangur og einnig hvernig unnt verði að bregðast við aukinni afbrotatíðni. Með þessari aðferðafræði er tekist á við löggæslumálefni á markvissan og skilvirkan hátt. Þá hefur að undanförunni verið unnið að stöðumati og framtíðarsýn hjá öllum lögregluembættum landsins, sem er fyrsta skref þeirrar vinnu sem fram undan er við að framfylgja löggæsluáætluninni.

Helstu áhersluatriði löggæsluáætlunar eru eftirfarandi:

- Að lögregla tryggi öryggi borgaranna og stöðugleika í samfélaginu með aukinni samhæfingu og samvinnu milli lögregluembætta.
- Að lögregla sé í stakk búin til þess að taka þátt í samstarfi innlendra og erlendra öryggisstofnana.
- Að löggæsla byggist á skýrum lagaheimildum og áreiðanlegu greiningar- og rannsóknarstarfi.
- Að starfsfólk lögreglu sé vel menntað og vel þjáfað til að takast á við krefjandi verkefni.
- Að starfsfólki lögreglu verði búið öruggt starfsumhverfi.
- Að lögregla njóti almenns trausts og trúverðugleiki hennar verði ekki með réttu dreginn í efa.

Ríkislögreglustjóri heimsótti lögregluembættin á árinu og kynnti fyrir lögreglumönnum markmið og áherslur löggæsluáætlunar.

Samningar gerðir við lögregluembættin um árangursstjórnun

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar einstakra lögregluumdæma undirrituðu samninga um árangursstjórnun 7. desember 2007. Samningar lögregluembættanna eru mismunandi og taka mið af stöðumati hvers embættis, sem lögreglustjórar unnu fyrir á árinu. Þeir taka jafnframt mið af áherslum dómsmálaráðherra, sem fram koma í

löggæsluáætlun 2007–2011, en þar er langtímaáætlun stjórnvalda á sviði löggæslu sett fram.

Með tilkomu samninga um árangursstjórnun verða löggæslustörf markvissari, árangur af þeim mælanlegur og ríkislögreglustjóra eru um leið falin aukin viðfangsefni á sviði stjórnsýslu. Lögregluembættunum var gert að skila fjögurra ára framtíðaráætlun til ríkislögreglustjóra fyrir árslok 2007. Embætti hans mun leiðbeina lögregluembættunum og taka afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem fram koma í langtímaáætlun hvers þeirra. Árlega munu ríkislögreglustjóri og einstakir lögreglustjórar taka sameiginlega afstöðu til árangurs af starfsemi hvers embættis um sig. Auk þess gerir ríkislögreglustjóri ár hvert grein fyrir árangri af starfi lögreglustjóranna, í ársskýrslu embættisins til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Áætlun ríkislögreglustjóra fyrir árið 2008

Ríkislögreglustjóri hefur undanfarinn áratug lagt ríka áherslu á að lögregla starfi eftir vel ígrundaðri stefnu og ákveðnum markmiðum. Löggæsluáætlunin er meðal annars til marks um það. Samkvæmt henni ber ríkislögreglustjóra að skila ráðuneytinu áætlun í desember ár hvert fyrir komandi ár.

Í áætlun fyrir árið 2008 er greint frá helstu verkefnum, áætlunum og úttektum sviða embættis ríkislögreglustjóra. Áætlunin byggist á nýjum grunni þar sem talsverðar breytingar urðu á skipulagi embættisins árið 2007. Meginstoðum þess var fækkað úr fimm í þrjár: löggæslu- og öryggissvið, stjórnsýslusvið og rekstrarsvið.

Meðal áhersluatriða á löggæslu- og öryggissviði er að auka samstarf og samskipti við alþjóðalögreglu með bættum aðgangi að gagnaböndum og fleiri ráðstöfunum. Ljúka á uppsetningu Tetra-fjarskiptakerfisins þannig að það nái til landsins alls og greiningardeild þróar starfsemi sína enn frekar. Sérsevit mun enn efla sig á fagsviði sínu, meðal annars með samhæfingu við önnur svið lögreglu.

Á rekstrarsviði ber það ef til vill hæst að til stendur að koma tölvubúnaði fyrir í lögreglubifreiðum með það fyrir augum að flýta afgreiðslu mála og bæta nýtingu mannafla. Með því verður unnt að verja meiri tíma en áður í eftirlit og útköll. Tölvuvæðingu lögreglubifreiða á að ljúka á árinu 2011.

Á stjórnsýslusviði standa fyrir dyrum rannsóknir sem lúta að starfsumhverfi og líðan lögreglumanna, innleiða á samræmt kerfi á landsvísi fyrir starfsmannasamtöl og tekin verður upp kennsla um siðferði í grunndeild lögregluskólans svo að fátt eitt sé nefnt.





Rekstrarsvið

Á árinu jókst rekstrarkostnaður embættisins um rúm 22% frá fyrra ári. Skýringin er meðal annars fjölgun sérveitarmanna, breyting tölvurekstrar lögreglunnar og breyting á útgáfu ökuskírteina og stöðu tengslafulltrúa embættisins hjá Europol.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra

Gjaldaliðir

(allar tölur í þúsundum króna)	2007*	2006**	2005	2004	2003	2002
Laun	934.793	753.002	657.038	567.190	465.163	418.182
Ferðir og fundir	52.459	49.034	46.976	53.502	45.893	51.827
Rekstrarvörur	40.213	26.413	38.337	24.089	18.531	26.691
Aðkeypt þjónusta	151.743	105.061	101.704	90.278	67.496	91.128
Húsnæði	78.962	85.827	64.179	57.852	81.888	43.307
Bifreiðar og vélar	38.842	28.648	24.975	21.206	16.183	14.672
Vextir, bætur, skattar	801	331	268	209	341	256
Eignakaup	25.990	36.009	37.723	16.292	15.832	44.721
Tilfærslur	9.718	3.532	3.936	2.317	2.223	1.079
Rekstrarkostnaður alls	1.333.521	1.087.857	975.136	832.935	713.550	691.863
Sértækjur samtals	-72.277	-24.121	-15.546	-33.864	-29.529	-30.417
Markaðar tekjur	-6.454	-6.044	-5.696	-5.333	-5.064	
Gjöld umfram sértækjur	1.254.790	1.057.692	953.894	793.738	678.957	661.446

*Tölur í töflu 1 fyrir 2007 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

**Endanlegar tölur fyrir 2006

Bíla- og búnaðarmiðstöð

Eftir að útboðsgögn Ríkiskaupa lágu fyrir vegna kaupa á ökutækjum lögreglunnar og standsetningu þeirra var keypt 21 nýtt ökutæki. Lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akranesi, Borgarnesi, Seyðisfirði, Eskifirði og Selfossi, ásamt sársveit ríkislögreglustjóra, fengu ný ökutæki ásamt búnaði. Kostnaður nam um 90 milljónum króna og var innan áætlunar.

Fjögur ný lögreglubifhjól voru tekin í notkun á árinu, samkvæmt samningi milli ríkislögreglustjórans, samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu. Þau voru afhent lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu sem viðbót við þau bifhjól sem fyrir voru. Hjólin eru búin radartækjum og fyrirhugað er að setja á þau upptökubúnaðinn „Eyewitness“. Samkvæmt samningnum voru einnig sett 12 ný radar- og upptökutæki í lögreglubifreiðar. „Eyewitness“-upptökutæki eru nú í 55% af merktum eftirlitsbílum lögreglunnar og er það í samræmi við stefnumótun ríkislögreglustjóra um búnað ökutækja lögreglu.

Á árinu lauk bílamiðstöð ríkislögreglustjóra við að setja talstöðvar af gerðinni „Tetra Cleartone“, ásamt ferilvöktunarbúnaði, í öll merkt ökutæki lögreglu á landsbyggðinni. Jafnhliða því voru lögregluembættin heimsótt og starfsmönnum þeirra kennt á búnaðinn.



Heildarakstur ökutækja lögreglu var um 5,5 milljónir kílómetra á árinu. Kostnaður vegna tjóna hækkaði töluvert og nam hann um 9,6 milljónum króna. Af því tilefni setti ríkislögreglustjóri á fót starfshóp sem leita á leiða til að draga úr tjónum á ökutækjum.

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra sinnir almennu þjónustuviðhaldi á ökutækjunum í aðstöðu sinni að Skógarhlíð 14. Umsvifin eru umtalsverð og má nefna að á árinu fóru um 5.000 ökutæki í gegnum bílaþvottavélina. Þá nýttu lögregluembættin sér þjónustu bílamiðstöðvarinnar til rannsóknar á meintum brotataekjum ásamt því að bílamiðstöðin aðstoðaði Landhelgisgæsluna og tollgæsluna við ýmis verkefni.

Starfsmenn bílamiðstöðvarinnar unnu á árinu að því að endurbæta gæðastaðla vegna eftirlits og skoðana á ökutækjum lögreglu og búnaði í þeim.

Búnaður lögreglumanna

Ríkislögreglustjóri hóf forathugun á búnaði sem á að auka öryggi lögreglumanna við skyldustörf. Annars vegar var um að ræða vopn sem veldur tímabundinni vöðvalömun með rafstraumi og hins vegar hlífðarvesti sem eiga að þola hnífstungur eða önnur eggvopn.

Rafstuðtækið Taser

Notkun rafstuðtækja er nokkuð útbreidd í Bandaríkjunum en á síðustu árum hafa lögreglulið í Evrópu verið að taka þau í notkun sem valkost í stað skotvopna.

Flest núverandi valdbeitingartækja hafa það í för með sér að lögreglumaðurinn verður að vera nokkuð nærri brotamanni til þess að yfirbuga hann. Með Taser-tækinu getur lögreglumaðurinn staðið í nokkurra metra fjarlægð frá brotamanni og yfirbugað hann með því að veita honum rafstuð.

Tækið er nú til skoðunar hjá embættinu.

Hlífðarvesti (hnífavesti)

Hlífðarvesti sem þola eggvopn hafa verið í notkun hjá lögregluliðum um nokkurt skeið. Hafin var skoðun á því hvort slík vesti gætu hentað við íslenskar aðstæður. Nokkur innanklæðavesti voru tekin til skoðunar og prófuðu lögreglumenn þau við dagleg störf. Þá var einnig skoðað hvaða öryggisstaðla væri hægt að leggja til grundvallar við val á hlífðarfatnaði. Lagt var til við dómsmálaráðuneytið að stuðst væri við staðla Home Office Scientific Development Branch (HOSDB) í Bretlandi um hlífðarfatnað og að tilraunaverkefni yrði sett af stað í samvinnu við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Lagt var til að keypt yrðu rúmlega 100 innanklæðavesti sem tekin yrðu í notkun hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Nýr einkennisfatnaður lögreglunnar

Lögreglan tók í notkun nýjan og breyttan einkennisfatnað á árinu. Unnið var að breytingum á búningum lögreglunnar í um tvö ár á vegum embættis ríkislögreglustjóra með þátttöku og í samstarfi við fjölmarga aðila. Að verkinu komu lögreglumenn, lögreglustjórar, hönnuðir og fleiri en markmið verkefnisins var að skapa öruggari og þægilegri vinnufatnað en áður sem svarar þörfum lögreglunnar.

Upphaflega stóð til að nýr einkennisfatnaður lögreglu yrði tekinn í notkun í upphafi árs 2007 en dráttur varð á afhendingu hans frá birgjum.

Eftir breytingar er megineinkennisfatnaður lögreglunnar:

Hátíðarbúningur

Búningurinn er óbreyttur frá fyrri árum. Vönduð svört ullarföt ásamt gyllingu í einkennum og tölum, hvít skyrta, svart bindi og hvít húfa með svörtu skyggni. Búningurinn er hátíðarbúningur íslensku lögreglunnar og ber að hafa hliðsjón af því við notkun hans. Hátíðarbúningurinn er einkum notaður á stórhátíðisdögum, þegar lögreglumenn taka þátt í kirkjulegum athöfnum, við sérstakar móttökur og við önnur tilefni þegar lögreglustjóra þykir við hæfi að lögreglan klæðist hátíðlega.

Vinnufatnaður

Lögreglumönnum stendur til boða ýmis annar fatnaður. Í vinnufatnaði lögreglunnar koma fram sýnilegustu breytingar. Helst er að nefna köflótt endurskin að breski fyrirmynd á buxum, jökkum og húfum lögreglumanna. Þá koma svartar einkenniskeytur í stað blárra. Nýmæli er að fatnaður lögreglunnar er auðkenndur á íslensku og ensku.

Efnisval búninga er með þeim hætti að valin hafa verið efni sem auka öryggi starfsmanna svo sem eldtefjandi NOMEX-efni.



Tölvudeild

Embætti ríkislögreglustjóra hefur um langt árabil starfrækt tölvudeild sem einkum hefur haft það hlutverk að annast daglegan rekstur málaskrár lögreglu og leiða þróun hennar. Einnig hefur tölvudeildin sinnt stefnumörkun vegna kerfismála lögreglunnar, auk innri þjónustu við starfsmenn embættisins. Breytingar á rekstri tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins (TMD) leiddu af sér breytingar hjá tölvudeild ríkislögreglustjóra, sem tók við rekstri miðlægrar þjónustu við öll lögregluembætti, Fangelsismálastofnun, Ríkis-saksóknara og Útlendingastofnun.

Árið 2007 einkenndist af miklum breytingum, einkum vegna endurskipulagningar á rekstri vélbúnaðar hjá embættinu auk þess sem undirbúningur að framtíðarskipulagi tölvumála lögregluembættanna var hafinn. Sú vinna var skammt á veg komin í lok árs en áætlanir ganga út á að það skipulag verði komið að hluta til í framkvæmd um áramótin 2008–2009.

Haldið var áfram þróun á lögreglakerfinu og öðrum kerfum sem ríkislögreglustjóri er ábyrgur fyrir. Þá hefur mikið annríki verið vegna nýrra upplýsingakerfa Schengen-ríkjanna. Uppfærsla á Schengen-kerfum (SIS1+) var komin í gagnið í septembermánuði í takt við áætlanir og var hún samhæfð við önnur Evrópuríki. Áfram er unnið að svokölluðu SIS2-kerfi en skv. ákvörðun Evrópuráðsins var gangsetningu þess frestað um eitt ár.

Einnig var unnið að nýju Visa Information System kerfi (VIS) en áætlað er að það verði sett í gang í september 2008.

Tölvudeild ríkislögreglustjóra hélt árlegan fund stjórnenda tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndunum. Fundurinn var haldinn á Hótel Heklu og sóttu hann 10 gestir frá Norðurlöndunum, auk þriggja starfsmanna tölvudeildarinnar.

Kerfisrekstur

Ríkislögreglustjóri hefur haldið utan um og sinnt þjónustu við öll lögregluembættin, Fangelsismálasstofnun, Ríkissaksóknara og Útlendingastofnun. Þessi grunnþjónusta er byggð utan um safn ákveðinna þátta sem eru taldir nauðsynlegir til þess að embættin geti tengst þjónustu tölvudeildar á öruggan hátt.

Lögreglakerfið sem tekið var í notkun 1. febrúar 2005 hefur slitið barnskónum og reynst öflugt ásamt því að mæta þörfum lögreglunnar vel. Unnið var að því að betrumbæta kerfið og byggja upp nýja möguleika í því. Má sem dæmi nefna lestur gagna úr hraðamyndavélum, innlestur dómsekta og bætt viðmót munaskrár.

Nýr vefur með gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar

Með nýjum vef er ætlunin að bjóða almenningi upp á þjónustu sem er sambærileg þeirri sem veitt er á lögreglustöðvum. Markmiðið er að nýtt fyrirkomulag auðveldi leyfaumsóknir og upplýsingaöflun hjá lögreglunni. Áætlað er að það muni draga úr vinnuálagi hjá lögreglunni við meðhöndlun og innslátt tengdra gagna ásamt því að þjónustan verði skilvirkari og betri en áður.

Vinna við nýjan og gagnvirkan vef lögreglunnar er langt komin en ekki tókst að ljúka því verkefni fyrir áramót. Vonir standa til að nýr vefur verði tilbúinn í lok sumars 2008.





Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Á árinu 2007 var unnið að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd fjölda verkefna sem tengjast almannavörnum. Þar bar hæst gerð viðbragðsáætlana og áhættumat í lög-regluumdæmum. Almannavarnadeildin gaf út fréttabréf ársfjórðungslega og flutti fréttir af starfinu í deildinni.



Heimsfaraldur influensu

Áhersla var lögð á að ljúka landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu. Þetta er mjög umfangsmikið samstarfsverkefni sóttvarnalæknis og ríkislögreglustjóra, enda snertir það alla helstu þætti þjóðlífsins. Stofnaðir hafa verið 30 vinnuhópar um málaflokka og starfsemi sem áætlunin tekur til, með þátttöku sérfræðinga úr atvinnulífinu. Fulltrúar Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins kynntu sér viðbúnað Íslendinga vegna heimsfaraldurs influensu í haust og töldu þeir þverfaglega nálgun á verkefnið og samvinnu sóttvarnalæknis og ríkislögreglustjóra vera til fyrirmyndar.



Lokið var við gerð áætlunarinnar í byrjun desember. Í framhaldinu var hafinn undirbúningur æfingar til að sannreyna áreiðanleika hennar. Ríkislögreglustjóri og sóttvarnalæknir buðu þátttakendum í æfingunni til fræðslu- og undirbúningsfundar þar sem áætlunin og æfingin var kynnt ásamt áhættumati vegna inflúensufaraldurs. Þar komu saman sóttvarnalæknar umdæma og svæða, lögreglustjórar landsins, fulltrúar Landspítalans, Sjúkrahúss Akureyrar, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

Æfingin, sem fékk nafnið Samábyrgð 2007, var haldin 10. desember. Hún þótti takast vel og var margan lærdóm hægt að draga af henni. Í framhaldinu kom út ný stöðuskýrsla um verkefnið. Nýr inflúensuvefur var opnaður á Netinu í samstarfi sóttvarnalækis, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarstofnunar. Stefnt er að útgáfu landsáætlunarinnar í mars 2008.

Stíflurof við Háslón

Viðbragðsáætlanir voru unnar í samstarfi við viðbragðsaðila og heimamenn:

- Áætlun vegna hugsanlegs stíflurofs við Háslón á svæði Kárahnjúkavirkjunar.
- Viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.
- Undirbúningur að nýrri viðbragðsáætlun í Hvalfjarðargöngum.
- Nokkrar flugslysáætlanir.

Þegar lokið er gerð áætlana fara fram æfingar til að kanna áreiðanleika þeirra og til að láta reyna á samvinnu viðbragðsaðila og heimamanna.

Flugslysáæfingar voru haldnar á Gjögri, Sauðárkróki, Bíldudal og í Grímsey. Rýmingaráæfing var haldin á áhrifasvæði Háslóns.

Áhættuskoðun

Undirbúningur og framkvæmd verkefnis lögregluumdæmanna um áhættuskoðun hófst á árinu. Tilgangurinn með því er að skrá hugsanlega hættuvalda í umdæmunum og leggja mat á þörfina fyrir forgangsroðun verkefna og gerð viðbragðsáætlana. Skoðaðar eru líkur á skilgreindum atburðum, á tíðni þeirra og afleiðingum á líf og heilsu, efnahag, umhverfi og samfélag. Starfsmenn almannavarnadeildarinnar hafa kynnt verkefnið í lögregluumdæmunum og ýtt því úr vör með vinnufundi og sett það síðan í hendur heimamanna til frekari úrvinnslu.

Upplýsingabæklingar

Á vegum almannavarnadeildar voru gefnir út upplýsingabæklingar fyrir ferðamenn um hættur sem fylgja eldsumbrotum í Mýrdalsjökli og viðbrögð við þeim. Bæklingarnir voru gefnir út á fimm tungumálum auk íslensku. Útbúin voru upplýsingaskilti í sama tilgangi og verða þau reist á vinsælum gönguleiðum í nágrenni jökulsins næsta sumar. Einnig verða samsvarandi veggspjöld í sæluhúsum á svæðinu.

Rýmingaráætlanir vegna snjóflóðasvæða

Rýmingaráætlanir og reitakort voru útbúin fyrir 16 snjóflóðasvæði á landinu, til að nota í aðgerðum þegar snjóflóðahætta skapast. Íbúar á þessum svæðum fengu heimsenda



kynningarbæklinga sem voru sérútbúnir fyrir hvert svæði með rýmingaráætlunum og reitakortum. Bæklingarnir voru gefnir út af almannavarnadeildinni og Veðurstofu Íslands í sameiningu, og unnir í samvinnu við heimamenn á hverjum stað.

Þjálfun viðbragðsaðila

Starfsmenn deildarinnar taka þátt í þjálfun svokallaðra viðbragðsaðila. Kennt var í Sjúkraflutningaskólanum, Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í grunnnámi og stjórnunarnámi Lögregluskólans og á fjöldahjálparnámskeiði Rauða kross Íslands, auk upp-
rífjunar- og fræðslunámskeiða í tengslum við flugslysaáætlanir. Fræðslufyrirlestrar voru haldnir í Háskóla Íslands og hjá Samtökum um landupplýsingar á Íslandi (LÍSA) og nokkur erindi voru flutt um náttúruvá. Á árinu voru haldin vettvangsstjóranámskeið í Reykjavík, á Tálknafirði og Reykhólum, ásamt námskeiði í aðgerðastjórn á Sauðárkróki. Þá tók fulltrúi deildarinnar þátt í þjálfun stjórnenda og viðbragðsaðila á Pristina-flugvelli í Kosovo.

Fundir með vísindamannaráði

Vísindamannaráð og starfsmenn almannavarnadeildarinnar héldu tvo fundi á árinu þar sem metið var ástand og horfur vegna jarðskjálfta og eldgosa. Á síðari fundinum voru horfur á svokölluðu eystra gosbelti sérstaklega skoðaðar og komu lögreglustjórar eða fulltrúar þeirra frá umdæmunum á Húsavík, Seyðisfirði og Hvolsvelli á þann fund.

Samstarf heima og erlendis

Fulltrúar almannavarnadeildar tóku þátt í vinnuhópum og nefndarstörfum um almannavarnir:

- Á árinu hófst samstarf almannavarnadeildar, Neyðarlínunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um skráningu á björgunarbúnaði á landsvísu. Stefnt er að því að hafa upplýsingar um hann aðgengilegan í miðlægum gagnagrunni.
- Vinnuhópur er starfandi um neyðarstjórn raforkugeirans og um kortlagningu flóða á landinu og nefnd um varnir gegn stórslysum í iðnaði.
- Samstarf á alþjóðavettvangi var við Evrópusambandið, EFTA, NATO og Norðurlöndin. Undirbúin voru sérfræðingaskipti í almannavörnum á vegum Evrópusambandsins og er ráðgert að hópur fari frá Íslandi til Þýskalands vorið 2008 í starfskygningu.

Rekstur samhæfingarstöðvar í Skógarhlíð

Almannavarnadeildin sér um rekstur samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Árið 2007 var stöðin virkjuð 73 sinnum, ýmist vegna leita eða almannavarnaáðgerða. Umfangsmesta áðgerð ársins var leit að tveimur þýskum ferðamönnum á og við Vatnajökul. Hún bar ekki árangur og voru ferðamennirnir taldir af. Þá reyndi oft verulega á samhæfingarstöðina vegna veðurofsa sem gekk ítrekað yfir landið undir lok ársins.

Alþjóðadeild

Starfsemi alþjóðadeildar var að mestu með hefðbundnu sniði á árinu 2007. Einn starfsmaður hennar fluttist til starfa í greiningardeild og annar fluttist til alþjóðadeildar frá almannavarnadeild.

Eftirlit með útlendingum

Verkefnum alþjóðadeildar hefur fjölgað og fjölbreytni þeirra aukist með mikilli fjölgun erlendra ríkisborgara hér á landi. Dæmi þar um er fjölgun fyrirspurna frá lögreglumönnum um ökuréttindi útlendinga sem stöðvaðir eru vegna umferðarlagabrota.

Schengen-málefni

Schengen-svæðið stækkaði verulega á árinu þegar tíu ný lönd Evrópusambandsins tengdust Schengen-upplýsingakerfinu og landamæraeftirlit á sjó og landi gagnvart þeim var afnumið. Eftirlit á flugvöllum verður aflagt í mars 2008. Snemma á árinu var haldinn hér á landi fundur yfirmanna og tæknimanna Sirene-skrifstofa á Norðurlöndum í þeim tilgangi að samræma undirbúningu vegna stækkunar Schengen-svæðisins.

Með stækkun svæðisins og afnámi innri landamæra fjölga málum vegna eftirlýsingar fólks til handtöku og framsals mikið (svokölluð „95. greinar mál“). Starfsmenn alþjóðadeildar þurftu að fara yfir mikinn fjölda mála sem nýju ríkin settu inn í kerfið á síðustu mánuðum ársins. Afleiðingin varð meðal annars sú að fjöldi eftirlýstra sem fundust hér á landi hefur aukist.

Fundasókn í Schengen-nefndum var með hefðbundnum hætti framan af ári en síðari hluta ársins var dregið verulega úr henni. Starfsmaður dóms- og kirkjumálaráðuneytis með aðsetur í Brüssel hefur í vaxandi mæli tekið að sér setu í þeim nefndum sem heyra undir alþjóðadeild.

Interpol

Interpol-starfsemin var með hefðbundnu sniði á árinu. Áfram er unnið að því að fjölga

notendum Interpol-gagnabankans, með því að veita lögreglumönnum uppflættaðgang að gagnabönkum um brotaferil einstaklinga, stolin skilríki, stolin ökutæki og fleira. Kann aðir hafa verið möguleikar á að tengja skanna sem notaðir eru við landamæraeftirlit við gagnabanka Interpol. Áætlað er að koma þeirri tengingu á í náninni framtíð.

Starfsmaður alþjóðadeildar sótti þriggja mánaða starfsnám í aðalstöðvum Interpol í Lyon í Frakklandi. Einnig sóttu starfsmenn námskeið sem ætlað er starfsfólki Sirene-skrifstofa vegna Schengen-samstarfsins, auk námskeiða á vegum Europol.

Europol

Europol-samstarfið fór vaxandi á árinu og skiptir þar miklu að í byrjun árs var aðstoðaryfirlögregluþjónn sendur til starfa í höfuðstöðvum stofnunarinnar sem tengiliður íslenskra lögregluvirkvalda við hana. Sú ráðstöfun hefur þegar sannað ágæti sitt en tengiliðurinn gegndi mikilvægu hlutverki í svokölluðu „skútumáli“ sem upp kom síðla árs og varðaði innflutning á miklu magni af fíkniefnum.

PTN

Samstarf lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndum (PTN-samstarfið) var að venju talsvert áberandi í starfi alþjóðadeildar. Á vordögum var haldinn hér á landi fundur yfirmanna PTN þar sem meðal annars komu fram ýmsar hugmyndir um tilfærslur á tengiliðum. Tengiliðir starfa í þágu PTN innan nokkurra landa þar sem þeir eru taldir koma að bestu gagni, oft með aðsetur í sendiráði heimalands síns. Á fundinum var samþykkt að halda fund í aðalstöðvum Europol snemma árs 2008, þar sem allir tengiliðir PTN verða kvaddir saman í því skyni að samhæfa betur störf þeirra.

Barnaklám á Netinu

Á árinu sótti starfsmaður deildarinnar þriggja mánaða námskeið í Bandaríkjunum á vegum bandarísku alríkislögreglunnar (FBI). Þar kynnti hann sér starfsemi sérdeildar sem fæst við barnaklám á Netinu. Í framhaldi af því var tekið upp enn nánara samband en áður við samtökin Barnaheill.

Heimsóknir til alþjóðadeildar

Umsagnir erlendra úttektarnefnda hafa vakið athygli á starfsemi alþjóðadeildar og leitt til þess að starfsmenn sambærilegra skrifstofa hafa komið hingað til að kynnst starfsemi inni af eigin raun. Í ársbyrjun kom hingað til lands sjö manna hópur frá Sirene-skrifstofunni í Riga í Lettlandi. Hópurinn dvaldi hér í vikutíma og kynnti sér starfsemi alþjóðaskrifstofunnar og fékk auk þess kynningu á lögreglunni í heild og nýjustu skipulagsbreytingum. Í framhaldi af heimsókninni barst beiðni frá yfirvöldum í Lettlandi um að alþjóðadeild útvegaði þrjá fyrirlesara á námskeið sem haldið var á vordögum til undirbúnings inngöngu Lettlands í Schengen-samstarfið. Var orðið við þeirri beiðni og fóru fyrirlesarar frá alþjóðadeild, lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Útlendingastofnun og fluttu fyrirlestra á tveggja daga námskeiði fyrir starfsmenn Sirene-skrifstofu, tollgæslu, landamæralögreglu og utanríkisráðuneytis Lettlands. Á haustdögum barst svo beiðni um að sendur yrði einn starfsmaður frá alþjóðadeild til að vera Sirene-starfsfólki í Riga til aðstoðar við formlega inngöngu Lettlands í Schengen-samstarfið og var orðið við þeirri beiðni.

Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) hefur verið starfandi í sjö ár og hefur nú aðsetur í Skógarhlíð. Starfsemin hefur mótast mjög á þessum tíma og er nú svo komið að hún þjónar öllum lögregluembættum landsins. Starfsmenn FMR stýra útkallsliði lögreglunnar til verkefna og veita lögreglumönnum á vettvangi margvíslega þjónustu. Öll ökutæki lögreglunnar eru ferilvöktuð og á fjarskiptamiðstöðinni eru viðbrögð lögreglu samræmd þegar á þarf að halda. Starfsmannaveltan hefur verið lítil og starfsmenn búa því að dýrmætri reynslu og færni á sínu sviði.

Símtöl sem bárust fjarskiptamiðstöðinni um Neyðarlínuna (1-1-2) árið 2007 voru alls 108.203 að tölu, sem er fjölgun frá fyrra ári um 27.037 símtöl.

Samstarf við Neyðarlínuna jókst á árinu vegna boðunar viðbragðsaðila og endurskoðunar á gagnagrunni símaviðmóts og fleira. Þá var samstarf við aðrar deildir embættisins efflt og má í því sambandi nefna samvinnu við almannavarnadeildina um starfrækslu samhæfingarstöðvarinnar. Einnig jókst samvinna milli fjarskiptamiðstöðvarinnar og annarra viðbragðsaðila, svo sem Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Tetra-fjarskiptakerfið

Tetra er stafrænt fjarskiptakerfi sem tekið var í notkun 1. júní árið 2000 á Suðvesturlandi. Mikilvægum áfanga var náð á árinu 2007 þegar kerfið náði loks til alls landsins. Þannig hefur verið komið á öruggu fjarskiptasambandi innan lögregluumdæmanna.

Námskeið í samninga- og samtalstækni

Haldið var námskeið í júní í samvinnu við bandarísku alríkislögregluna (FBI) í samninga- og samtalstækni. Markmiðið var að gera starfsmenn hæfari til að takast á við verkefni símleiðis og ekki síður til að fara á vettvang þar sem aðstæður kalla á viðræður við fólk og fortölur. Slík verkefni voru sex á árinu og hefur sú tala haldist nær óbreytt í gegnum árin.

Greiningardeild

Þann 1. janúar 2007 tók greiningardeild ríkislögreglustjóra til starfa. Greiningardeild rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Starfssvæði deildarinnar er landið allt. Hlutverk hennar, samkvæmt reglugerð nr. 404 frá 8. maí 2007, er að annast verkefni á sviði öryggismála, sem meðal annars felast í rannsóknnum, aðgerðamiðuðu greiningar- og áhættumati og stefnumiðuðum greiningum.

Lög um meðferð opinberra mála gilda um rannsóknaraðferðir og starfsheimildir greiningardeildar og hefur hún því ekki víðtækari úrræði en lögregla hefur almennt.

Starfsemi greiningardeildar skiptist í þrjá meginþætti:

1. **Umsjón með öryggisathugunum og útgáfa öryggisvottana.** Undir þennan lið falla meðal annars áhættugreining vegna einstaklinga og öryggisúttektir á einstaklingum,

ásamt útgáfu vottorða um öryggisgráður vegna starfsemi lögreglu og vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi af hálfu stjórnvalda.

2. **Aðgerðamiðuð greining og verkefni vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og innra öryggis ríkisins.** Undir þennan lið fellur meðal annars rannsóknar- og greiningarvinna vegna lögregluaðgerða.
3. **Stefnumiðuð greining og fyrirbyggjandi verkefni.** Stefnumiðuð greining varðandi ógn af hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi til lengri tíma og mat sem tekur mið af þróun mála héraðs og erlendis, og segir til um líklega framtíðarþróun.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra annast einnig alþjóðlegt samstarf við öryggisstofnanir annarra landa. Deildin hefur eftirlit með því að reglum sé fylgt um meðhöndlun gagna sem eru öryggisgráðuð (trúnaðarstig gagna).

Greiningardeild veitir ráðgjöf um viðbúnað sem hefur þýðingu fyrir hagsmuni ríkisins og þjóðhagslega mikilvæga starfsemi. Deildin tekur þátt í undirbúningi aðgerða til stuðnings lögreglunni í landinu og aflar upplýsinga í málum sem tengjast öryggi ríkisins. Þá er deildinni ætlað að veita lögregluliðum aðstoð vegna landamæravörslu og taka þátt í neyðaráætlanagerð almannavarna. Greiningardeild tekur einnig þátt í aðgerðastjórn ríkislögreglustjóra vegna sérstakra verkefna.

Greiningardeild hefur fasta tengiliði hjá öllum lögregluembættum landsins sem og Landhelgisgæslu Íslands og tollstjóranum í Reykjavík, í því skyni að tryggja boðskipti og upplýsingamiðlun. Stefnt er að því að efla þetta samstarf enn frekar.

Sérsvait

Á árinu 2007 var áfram unnið að eflingu og uppbyggingu sérsvaitar ríkislögreglustjóra. Fjórar stöður sérsvaitarmanna á Suðurnesjum voru færðar til embættis ríkislögreglustjóra þó svo að starfsstöð þeirra sé áfram á Suðurnesjum.

Sérverkefni

Verkefni í öryggisgæslu voru 21, verkefni við vopnuð lögreglustörf voru 53, sérstök aðstoð var veitt öðrum deildum lögreglu í 56 tilfellum og sérstök fræðsluverkefni voru 21. Sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar sinntu 12 verkefnum og kafarar tveimur vegna leitar að sönnunargögnum í sakamálum og tveimur verkefnum vegna björgunarstarfa. Alls voru viðfangsefni hjá sérsvaitinni 5.163.

Þjálfun og fræðsla

Sérsvaitin sinnti þjálfun og fræðslu á eftirfarandi sviðum:

- Þjálfun og fræðsla í grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins um lögregluaðgerðir, mannfjöldastjórnun, táragas, sprengiefni, hættuleg og falin vopn, og skotvopnaþjálfun.
- Þjálfun fyrir tollverði í handtökuaðferðum.
- Þjálfun og fræðsla hjá Siglingastofnun um siglingavernd.
- Þjálfun sérsvaitar fangavarda á Litla-Hrauni fyrir Fangelsismálastofnun.

- Skotvopnþjálfun og fræðsla fyrir þá sem starfa erlendis á vegum íslensku friðargæslunnar.
- Skotvopnþjálfun fyrir lögreglulið á Norðurlandi.
- Þjálfun fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu við stöðvun ökutækja með hættulega menn innanborðs.
- Námskeið fyrir áhafnir flugvéla Iceland Express um öryggi um borð í loftförum.
- Námskeið um öryggismál fyrir starfsfólk sýslumannsins í Reykjavík.

Æfingar

Í júní fóru fram hér á landi samæfingar sérsveitar ríkislögreglustjóra og sérsveitar norsku lögreglunnar. Æfingarnar sóttu um 90 sérsveitarmenn og aðstoðaði Landhelgisgæsla Íslands við framkvæmd nokkurra þeirra.

Tímamót

Hinn 19. október 2007 var haldið hátíðlegt 25 ára afmæli sérsveitarinnar („víkingasveitarinnar“). Sérsveitin var stofnuð árið 1982 og luku fyrstu lögreglumennirnir nýliðanámskeiði hjá sérsveit norsku lögreglunnar þá um vorið. Um 80 lögreglumenn hafa gegnt störfum í sveitinni frá upphafi en nú starfa 42 lögreglumenn í henni. Árið 1999 fluttist sveitin frá lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Stefnt er að því að á árinu 2008 verði sérsveitin skipuð 52 lögreglumönnum. Á höfuðborgarsvæðinu starfa nú 34 sérsveitarmenn, 4 á Norðurlandi og 4 á Suðurnesjum.

Í tilefni af þessum tímamótum efndi sérsveitin til afmælisfagnaðar á æfingasvæði sínu í Hvalfirði. Auk starfandi sérsveitarmanna var öllum fyrrverandi sérsveitarmönnum boðið til fagnaðarins ásamt yfirstjórn lögreglu. Þá mættu einnig yfirmenn allra lögreglusérsveita á Norðurlöndunum. Sérsveitin sýndi búnað sinn og nokkrar útfærslur á aðgerðum. Af þessu tilefni bauð dómismálaráðherra til móttöku.

Öryggismál

Nokkrar annir urðu hjá lögreglu vegna opinberra heimsóknna og einkaheimsóknna erlendra fyrirmenna á árinu. Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd vegna 13 heimsóknna. Umfangsmestar voru heimsóknir forseta Djíbútís og haustfundur NATO-þingsins. Haustfundurinn var haldinn í Laugardalshöll dagana 5. til 9. október. Hann sóttu 850 gestir, þar á meðal 340 þingmenn frá NATO-ríkjunum ásamt framkvæmdastjóra NATO og forsætisráðherra Albaníu.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu annaðist umferðarfylgd þegar 28 sendiherrar erlendra ríkja afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf sín á Bessastöðum. Auk þess sá lögreglan á Suðurnesjum um sérstaka öryggisgæslu á meðan sex þjóðhöfðingjar og ráðherrar höfðu skamma viðdvöl í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Tafla 2. Fjöldi heimsóknna erlendra fyrirmenna til Íslands 2007

Mánuður	Nafn og titill / tilefni	Fylgdarmenn
Janúar	Jóhannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja.	13
	Ismail Omar Guelleh, forseti Djíbútís.	27
Mars	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels.	1
Apríl	Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar.	8
	Raymond Henault, formaður hermálanefndar NATO.	9
	Mona Sahlin, formaður sænskra sósíaldemókrata.	2
Mái	Mette-Marit, krónprinsessa Noregs.	5
Júní	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels.	1
Ágúst	William Thomas Hobbins, hershöfðingi NATO.	6
September	Thad Allen, yfirmaður bandarísku strandgæslunnar.	8
	Bantz John Craddock, hershöfðingi, SACEUR.	15
Október	Haustfundur NATO-þingsins.	
	Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO.	850
	Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu.	

Taflan gefur yfirlit um heimsóknir erlendra fyrirmenna til Íslands 2007, þar sem embætti ríkislögreglustjóra kom að skipulagningu og öryggisgæslu.



Stjórnsýslusvið

Afbrotatölfræði og forvarnir

Ársfundur Norræna afbrotavarnaráðsins

Hinn árlegi fundur afbrotavarnaráða á Norðurlöndunum og ríkislögreglustjórans á Íslandi var haldinn af sænska afbrotavarnaráðinu 7. og 8. mars í Stokkhólmi. Jan Anderson, forstöðumaður sænska afbrotavarnaráðsins, stýrði fundinum, sem haldinn var í höfuðstöðvum stofnunarinnar. Danir og Finnar sendu þrjá fulltrúa hver auk þess sem starfsmaður danskra systursamtaka Barnaheilla hélt fyrirlestur. Norðmenn sendu fimm fulltrúa auk þess sem formaður Norræna sakfræðiráðsins var viðstaddur. Svíar höfðu sex fulltrúa á fundinum og Ísland einn fulltrúa frá embætti ríkislögreglustjórans.

Fundurinn byggðist aðallega upp af fyrirlestrum og umræðum um efni þeirra en einnig voru umræður um sameiginleg rannsóknarverkefni sem Finnar hafa farið fyrir. Fulltrúi ríkislögreglustjóra hélt fyrirlestur um verkefnaáætlaða löggæslu á Íslandi. Þar fór hann yfir þróun verkefnisins síðastliðin tvö ár og aðferðafræðina sem liggur að baki VML.

Endurskoðun á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga

Ríkislögreglustjóri og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu sameiginlega viljayfirlýsingu hinn 30. apríl 2004, um samstarf lögreglu og sveitarfélaga. Kveðið er á um samstarfsnefndir þessara aðila í 12. grein lögreglulaga. Í viljayfirlýsingunni segir að samráðshópur ríkislögreglustjóra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga skuli starfa til loka árs 2007 og aðilar taka ákvörðun fyrir þann tíma um það hvort hópurinn skuli starfa áfram.

Ríkislögreglustjóri óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjórunum um samstarfsnefndirnar og hvaða tillögur þær hafi gert um úrbætur í málefnum löggæslunnar í hverju umdæmi. Í kjölfarið lagði ríkislögreglustjóri fram tillögur um breytt samstarf lögreglu og sveitarfélaga til að skerpa á ábyrgð beggja aðila og færa samskipti ríkislögreglustjóra nær stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áfram verður unnið með þessar tillögur á árinu 2008 í samstarfi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, lögregluembættin og Samband íslenskra sveitarfélaga.

„Göngum í skólann“

Í lok ágúst var leitað til embættis ríkislögreglustjóra og lögreglunni boðið að taka þátt í verkefninu Göngum í skólann, sem Lýðheilsustöð fór fyrir. Ákveðið var að taka þátt í verkefninu þar sem um var að ræða göfugt forvarnaverkefni sem snýr bæði að heilsu

barna og umferðarpunga við skóla. Allur októbermánuður var tileinkaður verkefninu, sem byggðist aðallega á því að skólayfirvöld hvöttu nemendur til að ganga í skólann.

Í stuttu máli voru markmið verkefnisins meðal annars:

- Að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um þann ávinning sem hafa má af reglulegri hreyfingu.
- Að draga úr umferðarpunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum.
- Vitundarvakning um það hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf.
- Vitundarvakning um ferðamáta og umhverfismál.

Mánaðarlegar skýrslur um afbrotatölfræði

Embætti ríkislögreglustjóra tók þá ákvörðun í byrjun árs 2007 að auka þjónustu við almenning og fjölmiðla í landinu með mánaðarlegri útgáfu skýrslu um afbrotatölfræði. Fram að því hafði embættið gefið út tölfræðiskýrslur auk þess að sinna fyrirspurnum og annarri söfnun og birtingu tölfræðiupplýsinga um lögregluna í landinu.

NORDCOP: Samstarfsverkefni lögregluskóla á Norðurlöndum um afbrotavarnir

Lögregluskólar á Norðurlöndum hafa um nokkurt skeið haft samstarf sín á milli um nemenda- og kennaraskipti. Í lok árs 2004 var NORDCOP, samstarfsverkefni lögregluskóla á Norðurlöndunum, sett á laggirnar. Markmið þess var að starfshópar kynntu sér kennsluaðferðir og námsefni auk þess að þróa og útfæra samstarfsverkefni sem nemendur úr öllum lögregluskólum á Norðurlöndunum myndu taka þátt í. Ólafur Egilsson, lögreglufulltrúi við Lögregluskólann, og Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála- og stjórn-sýslufræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, eiga sæti í starfshópi um afbrotavarnir sem unnið hefur að samstarfsverkefninu af Íslands hálfu. Önnur lönd sem taka þátt í samstarfinu eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland.

Verkefni um afbrotavarnir, sem yfir 100 lögreglunemar frá öllum Norðurlöndunum unnu sameiginlega haustið 2007, var hið fyrsta sinnar tegundar.

Markmið þess var einkum fjórþætt:

1. Að nemendur í hverju landi öðluðust betri skilning á því hvernig afbrotavörnum er háttað annars staðar á Norðurlöndum.
2. Að efla tengsl milli lögreglunema og kennara á Norðurlöndunum, m.a. vegna þess að afbrot og afbrotamenn starfa í vaxandi mæli þvert á landamæri og í mörgum löndum á sama tíma.
3. Að lögreglunemar öðlist persónuleg kynni af lögreglumönnum framtíðarinnar á Norðurlöndunum og starfsháttum þeirra.
4. Að þróa og efla erlenda tungumálanotkun lögreglunema, en verkefnið fór fram á ensku.

Stockholm Criminology Symposium

Í byrjun júní sendi embætti ríkislögreglustjóra tvo fulltrúa á ráðstefnu um afbrotavarnir í Stokkhólmi (Stockholm Criminology Symposium), sem haldin var í annað sinn. Þema

ráðstefnunnar skiptist í sex málaflokka. Þrjú aðalflokkar sneru að barnavernd, markviss- um og réttmætum lögregluaðgerðum og hegðunarbreytingum fanga. Þrjú undirflokkar fjölluðu um ofbeldi gegn konum, skipulagða glæpastarfsemi og áætlanir um afbrota- varnir. Alls tóku um 600 manns þátt í ráðstefnunni og um 200 erindi voru flutt.

Verkefnamiðuð löggæsla – staða og framtíð

Í árslok 2006 leitaði embætti ríkislögreglustjóra eftir þátttöku lögregluembætta við inn- leiðingu verkefnamiðuðrar löggæslu (VML). Markmiðið var að innleiða hugmyndafræði og verklag í samstarfi við þau embætti sem lýsa myndu áhuga á verkefninu. Sjö emb- ætti óskuðu eftir því að taka þátt í því í byrjun sem frumkvöðlar en þrjú drógu sig til baka meðan á verkefninu stóð, frá janúar til maí. VML-verkefni frumkvöðlaembættanna skil- aði upplýsingum sem hægt er að byggja á til framtíðar. Í kjölfarið var öllum embættum gerð grein fyrir stöðu mála og næstu skrefum. Embætti ríkislögreglustjóra vinnur nú að því í samstarfi við embættin að innleiða verkefnamiðuða löggæslu. Áætlað er að um mitt ár 2008 verði handbók um VML uppfærð og kynnt lögregluembættum. Samstarf er þegar komið á milli Lögregluskólans og embættis ríkislögreglustjóra hvað varðar kennslu um verkefnamiðuða löggæslu á bæði grunn- og framhaldsstigi við skólann.



Efnahagsbrotadeild

Meðferð efnahagsbrotamála er um flest nokkuð frábrugðin meðferð annarra refsímála. Kemur þar helst til hversu flókið, sérhæft og margslungið það umhverfi er sem brotin eru framin í. Gjarnan kemur þá til skoðunar margbreytileg löggjöf íslensks og erlends viðskiptalífs.

Saksóknari efnahagsbrota ákærði 35 einstaklinga á árinu 2007 í samtals 21 máli. Flest voru málin (20) vegna skattalagabrota, fjórir voru ákærðir fyrir umboðssvik, einn fyrir skilasvik og 10 vegna brota á höfundarlögum. Í árslok 2007 voru tíu mál fyrir dómi, sakfelling hafði fengist í tíu málum og einu máli var lokið með svokallaðri viðurlagaákvörðun. Mörg þeirra mála sem tekin voru til rannsóknar kröfðust fleiri en eins rannsakara.

Einn rannsóknarlögreglumaður hefur umsjón með sérstöku verkefni er lýtur að peningaþvætti. Tilkynningar sem bárust um ætlað peningaþvætti voru 496, sem er fjölgun um 278 frá árinu 2006 en þá voru þær 218. Tilkynningar bárust um 15 fyrirtæki og stofnanir og mest bárust 218 tilkynningar um eitt fyrirtæki. Tilkynnt var um ætlað peningaþvætti sem samanlagt nemur nærri milljarði króna.

Alþjóðlegt eðli efnahagsbrota

Meðal þeirra þátta sem taka þarf tillit til við skoðun efnahagsbrota er hvort þau tengjast útlöndum. Þá rannsakar deildin einnig spillingar- og peningaþvættismál og innan deildarinnar er starfrækt peningaþvættisskrifstofa, sem fyrr segir, líkt og gerist hjá systurstofnunum í Danmörku og Noregi. Á alþjóðavísu er mjög mikið samstarf gegn spillingu og peningaþvætti. Bæði er samstarf innan alþjóðlegra stofnana, svo sem Egmont Group og Financial Action Task Force (FATF) um samstarf gegn peningaþvætti og á vegum Evrópuráðsins, OECD og Evrópusambandsins gegn spillingu og peningaþvætti. Allt þetta snertir svið efnahagsbrotadeildar og tekur hún þátt í þessu samstarfi öllu með einum eða öðrum hætti auk norræns samstarfs á sama sviði.

Rannsóknir milli landa eru sífellt að færast í vöxt. Sú þróun fylgir alþjóðavæðingu og útrás íslensks atvinnulífs, auk fjölgunar erlendra manna á Íslandi, en brot sem framin eru gegn þeim og brot sem þeir fremja tengjast oft fleiri en einu landi. Deildin rannsakar nú mál þar sem gögn, sakborningar og vitni eru dreifð um níu þjóðríki í þremur heimsálfum en slík mál taka oft langan tíma vegna hinna formlegu leiða sem fara verður, auk þess sem lögreglufyrirvöld eru víðast störfum hlaðin. Þó eru viðbrögðin mjög góð víða og brugðist er almennt við beiðnum um aðstoð án verulegra tafa.

FATF gerði úttekt á peningaþvættisvörnum Íslands árið 2006, þar sem sjónir beindust ekki hvað síst að peningaþvættisskrifstofunni og efnahagsbrotadeild. Bent var á nokkra annmarka og hefur verið unnið að því að bæta úr þeim eftir því sem efni eru til. Skrifstofan gefur út eigin ársskýrslu og vísast að öðru leyti til hennar.

Saksóknari efnahagsbrota hélt morgunverðarfund með Samtökum atvinnulífsins þann 14. júní 2007 á Grand hótél. Fjallað var um hvítflibbaglæpi út frá bandarískum sjónarhóli, um skipulag og framkvæmd efnahagsbrotarannsóknna á Íslandi og um brotalamir og réttarvernd.

Félagastuðningur

Í maí og júní voru haldin námskeið um félagastuðning í samstarfi við Rauða kross Íslands og Lögregluskóla ríkisins sem 62 lögreglumenn sóttu. Á námskeiðinu fengu þátttakendur fræðslu um viðbrögð við áföllum. Þá var þátttakendum kennt að halda viðrunarfund í lok vaktar þegar atburður sem kallað getur á áfallastreitu hefur orðið. Innleiðing á kerfisbundnum félagastuðningi hófst í nóvember 2007 og stefnt er að fullri virkni kerfisins

ári síðar, eða í nóvember 2008. Einnig voru haldnir stuttir fræðslufundir fyrir lögreglumenn víðs vegar um land.

Á árinu voru lögreglumönnum boðin sálfræðiviðtöl á kostnað embættisins. Í flestum tilfellum fóru lögreglumenn í viðtöl til sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra. Alls þáðu 13 lögreglumenn viðtöl hjá honum og tveimur var vísað til annarra sálfræðinga. Reglulega var rætt símleiðis við lögreglumenn á landsbyggðinni og unnu þeir heimaverkefni á milli viðtala.



Fíkniefnamálefni

Um verslunarmannahelgina stóð ríkislögreglustjóri fyrir umfangsmiklu eftirliti með sölu, meðferð og neyslu ólöglegra fíkniefna í samvinnu við lögregluembætti landsins og tollgæslu. Nokkur embætti fengu aðstoð sérhæfðra fíkniefnalögreglumanna til eftirlits á héraðshátíðum og samkomum.

Af öðrum verkefnum er þetta helst:

- Unnið var að ýmiss konar umbótaverkefnum um samvinnu lögregluembætta og tollgæslu í fíkniefnalöggæslu.
- Gerðar voru samantektir og tekin saman svör vegna innlendra og erlendra fyrirspurna sem tengdust fíkniefnum.
- Unnið var að gerð nýrra reglna um haldlagningu, skráningu, meðferð og eyðingu fíkniefna og annarra efna sem lagt er hald á.
- Umbótaverkefni sem snúa að málefnum tengdum fíkniefnalöggæslu:
 - Skráning neikvæðra afskipta.
 - Sameiginlegt gagnageymsludrif fyrir fíkniefnadeildir lögreglu höfuðborgarsvæðisins og lögreglunnar á Suðurnesjum.

- Lögregluembættum var veitt aðstoð tengd fíkniefnalöggæslu vegna héraðshátíða og annarra samkoma og þeim útvegaðir fíkniefnalögreglumenn og lögregluhundar.
- Umsjón og eftirlit með afhendingu, meðferð og móttöku fíkniefnasýna. Eyðing fíkniefna sem lagt hafði verið hald á.
- Svör við fyrirspurnum á vef ríkislögreglustjóra um málefni tengd fíkniefnum.

Málefni leitarhunda

Gefnar voru út nýjar reglur um fíkniefnaleitarhunda lögreglunnar, þjálfun þeirra og þjálfara. Unnið var að innleiðingu á nýju skipulagi og umgjörð tengd þjálfun og notkun lögregluhunda við löggæslustörf.

Ríkislögreglustjóri stóð að innflutningi og forþjálfun fjögurra fíkniefnaleitarhunda. Á árinu var haldið grunnnámskeið fyrir leitarhunda og hundapjálfa, námskeið í leit á fólki og gerðar starfsleyfisúttektir.

Leitarhundar voru í teymum sem fóru til aðstoðar lögreglu úti um land vegna héraðshátíða og samkoma.

Innra eftirlit

Embætti ríkislögreglustjóra gerði allviðamiklar úttektir á starfsemi fimm lögregluembætta, sem aðallega lutu að mannaflapörf lögreglunnar og starfsmannamálum. Þá var gerð ítarleg samantekt um fyrirkomulag og framkvæmd mála sem sæta opinberri rannsókn hjá lögreglu vegna fyrstu sex mánaða ársins. Í árslok var að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hafist handa með viðamikla athugun á löggæsluþörf til næstu fimm ára.

Kennslanefnd (ID-nefnd)

Á starfsárinu kom ekkert mál til kennslanefndar ríkislögreglustjóra. Nefndin kom að rannsókn máls í Svíþjóð þar sem Íslendingur lést í eldsvoða en sænsk lögregluþvölvöld leituðu aðstoðar nefndarinnar við söfnum sönnunargagna til að bera kennsl á hinn látna. Erlent samstarf var að öðru leyti með svipuðum hætti og fyrri ár. Fulltrúi nefndarinnar sótti fund á vegum Interpol sem haldinn er árlega í Lyon í Frakklandi en hann sækja aðildarlönd sem hafa þessum sérstöku nefndum á að skipa. Kom það í hlut lögreglufulltrúa sem var á sama tíma í starfsnámi hjá Interpol að sitja fundinn. Af öðru erlendu starfi má nefna árlegan fund kennslanefnda Norðurlandanna sem haldinn var í Danmörku að þessu sinni og aðstoðaryfirlögregluþjónn sótti hann. Að auki sóttu fulltrúar embættisins tvo fundi í Danmörku um skipulagsmál og búnað kennslanefnda.

Starfsmannamál

Jafnréttisáætlun lögreglunnar

Í löggæsluáætlun 2007–2011 kemur fram að eitt af meginmarkmiðum lögreglunnar á næstu árum sé að bæta starfsumhverfi hennar. Það verði meðal annars gert með því að gera jafnréttisáætlun sem stuðla á að jafnari stöðu kvenna og karla innan lögreglunnar og jöfnum tækifærum allra á sem flestum sviðum.



Í maí 2007 skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp innan embættisins til að gera tillögur að jafnréttisáætlun. Hópurinn leitaði til ýmissa aðila og stofnana við vinnu sína, svo sem lögreglustjóranna og Jafnréttisstofu, og skilaði ríkislögreglustjóra skýrslu sinni fyrir árslok. Hópurinn leggur til að ríkislögreglustjóri fari með ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan lögreglunnar á landinu öllu og að hann skipi jafnframt jafnréttisfulltrúa sem fari með framkvæmd starfsins.

IACP-ráðstefna í New Orleans

Þrjú starfsmenn ríkislögreglustjóra, allir meðlimir í International Association of Chiefs of Police (IACP), sóttu 114. ársþing samtakanna í New Orleans í Bandaríkjunum. Samtökin hafa það að leiðarljósi að stuðla að bættri menntun lögreglumanna og kynna á hverjum tíma nýjungar í þjálfunar-, tækja- og tæknimálum.

Á ársþinginu, sem stóð dagana 13.–18. október, var boðið upp á fjölda stuttra fyrirlestra um ýmis ólík atriði og sem dæmi má nefna stjórnun og rekstur lögregluembætta, áfallahjálp, frammistöðumat, tækjamál og tæknimál. Þátttakendur voru um það bil 18.000 starfsmenn lögreglu víða að úr heiminum. Auk fyrirlestranna var á ráðstefnunni haldin sýning í 15.000 fermetra húsnæði þar sem um 800 fyrirtæki sýndu ýmsar vörur og búnað sem ætlaður er lögreglu. Þar var sýndur fatnaður, tækjabúnaður og ökutæki, samhliða ýmsum sérhæfðum tölvuhugbúnaði.

Könnun meðal lögreglumanna sem létu af störfum

Embætti ríkislögreglustjóra gerði símakönnun, í samvinnu við Miðlun ehf., á meðal skipaðra lögreglumanna sem fengu að eigin ósk lausn eða leyfi frá störfum á árunum 2002 til 2007. Markmið könnunarinnar var að komast að helstu ástæðum þess að lögreglumenn óskuðu leyfis eða lausnar frá starfi. Könnunin náði til eftirfarandi þátta:

- Persónu- og starfstengdir þættir, þegar óskað var eftir leyfi eða lausn.
- Helsti áhrifavaldur og vægi annarra í þeirri ákvörðun um að óska leyfis eða lausnar.
- Hóf lögreglumaður aftur störf í lögreglu? Hverjir voru helstu áhrifavaldar þess?
- Hefur lögreglumaður íhugað að hefja aftur störf? Hverjir voru helstu áhrifavaldar þess?


Langflest svör voru greind eftir aldri svarenda, hjúskaparstöðu, fjölda barna og hvort viðkomandi starfaði fyrir lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

Á tímabilinu fengu 202 lögreglumenn leyfi eða lausn frá starfi, þar af 130 að eigin ósk og uppfylltu þeir þar með kröfur könnunarinnar. Karlar voru 107 í þeim hópi en konur 23.

Könnunin var gerð í apríl 2008 og náðist samband við 86 þátttakendur (66,1%) og 75 þeirra svöruðu.

Algengast var að þeir sem fengu leyfi eða lausn gegndu stöðu lögreglumanns, varðstjóra eða rannsóknarlögreglumanns. Flestir fóru í annað starf (58,8%) eða í nám (22,5%).

Í könnuninni var spurt um það hvaða eitt atriði hefði haft mest áhrif á að þeir óskuðu eftir leyfi eða lausn. Svarmöguleikar voru ekki lesnir upp. Flestir sögðu að laun (18,7%) væru mesti áhrifavaldurinn en þar á eftir kom vinnutími/vinnuálag/þreyta (16,0%), líkt og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Mesti áhrifavaldur á óskir lögreglumanna um leyfi eða lausn.

*Í flokknum „Annað“ voru m.a. búferlaflutningar, veikindi, nám sambylifsólks og ónæg starfsþróun og sveigjanleiki í starfi.

Alls hóf 41% þátttakenda aftur störf í lögreglunni, flestir eftir 1–6 mánuði (32,3%) og næstflestir eftir 1–2 ár (25,8%). Ástæðan fyrir því að lögreglumenn hófu aftur störf var oftast sú að þeir höfðu fengið hvíld, viljað koma aftur til starfa eða leyfi þeirra verið útrunnið (32,3%) og starfið sjálft eða eðli starfsins (25,8%).

Flestir þeirra sem ekki höfðu byrjað aftur (86,4%) sögðu að til breytinga þyrfti að koma á starfsumhverfi lögreglunnar til að þeir myndu íhuga að hefja aftur störf. Flestir sögðu að laun lögreglumanna þyrftu að hækka (25,0%) og að skipta þyrfti um stjórnendur eða auka menntun þeirra (22,7%).

Fjöldi lögreglumanna


Alls voru 712 lögreglumenn (menntaðir lögreglumenn og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2007. Þar við bætast héraðslögreglumenn og lögreglunemar en 48 nemar voru á fyrstu önn Lögregluskólans frá janúar til loka maí 2007 og 34 frá september til ársloka 2007. Við þetta bætast 15 lögreglustjórar, auk skólastjóra Lögregluskóla ríkisins.

Tafla 3. Starfandi lögreglumenn 1. febrúar 2007 eftir starfstigi og embættum.

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Lögreglufulltrúi	Aðalvarðstjóri	Rannsóknarlögreglumadaur	Varðstjóri	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumadaur	Afleysingamaður	Samtals	Héraðslögreglumadaur	Lögreglunemi	Samtals
Akranes	1		1			4		5	2	13			13
Akureyri	1	1	1	2	3	8	1	18	2	37	6		43
Blönduós	1					3		2	1	7	6		13
Borgarnes	1			1		3		4		9	8		17
Eskifjörður	1		1	1		4		7	2	16	10		26
Húsavík	1					4		4	1	10	5		15
Hvolsvöllur				1		3		4		8	6		14
Höfuðborgarsvæðið	4	10	21	15	107	50	1	124	7	339			339
Lögregluskólinn	2		7							9		48	57
Ríkislögreglustjórin	3	10	21	9		18		33		94			94
Sauðárkrókur	1		1			3		4		9	6		15
Selfoss	1	1	1		2	5		14	1	25			25
Seyðisfjörður	1		1		1	3	1	4		11	7		18
Snæfellsnes	1					2		4	1	8	4		12
Suðurnes	3	3	5	13	9	17	2	21	12	85			85
Vestfirðir	1	1	1	3	1	7		6		20	9		29
Vestmannaeyjar	1		1			4		6		12			12
Samtals	24	26	62	45	123	138	5	260	29	712	67	48	827

Þegar litið er til fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna sem greidd eru í hverjum mánuði, þar með talið vegna afleysinga, veikinda, lausnarlauna, orlofs, þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka deilt með 12 mánuðum. Yfirlitið þarf að skoða í ljósi þess að lögreglumönnum fjölga víða yfir sumartímam til að koma að einhverju leyti í stað þeirra sem eru í orlofi eða til að mæta auknu álagi.

Samtals voru 729,9 ársverk unnin á árinu 2007. Samkvæmt þeim upplýsingum sem birtust í skýrslu nefndar um árangur af sameiningu lögregluembættanna er um að ræða fækkun á ársverkum milli ára úr 740 í 730. Tölur um fjölda ársverka eru fengnar frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.



Mynd 2. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2006 og 2007.

Starfsmannastefna og starfsmannasamtöl

Í kjölfar löggæsluáætlunar var ákveðið að gera úttekt hjá lögregluembættunum og Lögregluskóla ríkisins á framkvæmd þeirrar starfsmannastefnu sem ríkislögreglustjóri kynnti í janúar 2004. Úttekt og mat byggðist á því að skoða hvernig tekist hafi til við að ná markmiðum starfsmannastefnunnar. Þegar niðurstöður könnunarinnar voru skoðaðar, kom fram að nokkrir þættir starfsmannastefnu lögreglunnar höfðu verið útfærðir á meðan aðrir voru enn í vinnslu. Í kjölfar úttektar á núverandi starfsmannastefnu var ákveðið að þróa samræmda útfærslu á starfsmannasamtölum og frammistöðumati fyrir öll lög-

regluð á Íslandi. Því starfi lauk í árslok 2007 og skyldu stjórnendur og starfsmenn lög-
reglunnar fá kynningu í byrjun árs 2008.



Ofbeldi gegn lögglumönnum

Árið 2005 stóð embætti ríkislögglustjóra að könnun þar sem lögglumenn voru spurðir um reynslu sína af því að verða fyrir hótunum og ofbeldi vegna starfs síns í vinnutíma og utan hans. Þegar niðurstöður lágu fyrir var ákveðið að skoða öll mál sem skráð höfðu verið í málaskrá lögglu þar sem lögglumaður hafði orðið fyrir ofbeldi á árunum 1998 til 2005. Með ofbeldisbrotum er hér átt við brot sem varða 106. grein almennra hegningarlaga, sem tekur bæði til ofbeldis og hótunar um beitingu ofbeldis gagnvart opinberum starfsmanni. Þessar tvær rannsóknir gefa góða mynd af þessum brotum og því starfsumhverfi sem lögglumenn búa við. Þær voru gefnar út saman í einu riti í ársbyrjun 2007, Ofbeldi gegn lögglumönnum: Rannsókn á reynslu lögglumanna og tilkynntum brotum. Ritið má finna í rafrænni útgáfu á vef ríkislögglustjóra.

Helstu niðurstöður eru að á fimm ára tímabili fram að því að könnunin var gerð höfðu 70% lögglumanna orðið fyrir hótun vegna starfs síns í vinnutíma og 26% utan hans. Þá greindu um 40% lögglumanna frá því að þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi sem annaðhvort leiddi ekki til áverka eða til smávægilegra eymsla. Á því átta ára tímabili sem skoðun á skráðum brotum í málaskrá náði til var tilkynnt um 685 ofbeldisbrot gegn lögglumönnum, eða að meðaltali 86 brot á ári. Um 77% málanna var lokið á lögglustigi en um fimmtungur fór í ákærumeðferð, þar af enduðu 57% með dómi. Athyglisvert er

að ekki fundust nein tengsl á milli alvarleika áverka sem lögreglumaður fékk og hvort mál fékk ákærumeðferð. Líkt og í öðrum brotaflokkum virðast aðrir þættir skipta meira máli við ákvörðun um slíkt, svo sem stoð í sönnunargögnum.

Umferðarmál

Ötullega var unnið að umferðarmálum eins og áður.

Embætti ríkislögreglustjóra gerði á árinu samstarfssamning um sérstakt umferðareftirlit við Umferðarstofu, fyrir hönd samgönguráðuneytisins. Átta lögregluembætti á landinu tóku þátt í eftirlitinu og skyldi Umferðarstofa greiða þeim samkvæmt reikningi. Greitt var fyrir hverja unna klukkustund og hvern ekinn kílómetra lögreglubifreiðar sem notuð var við eftirlitið.

Markmið samstarfssamnings um sérstakt umferðareftirlit var að fækka banaslysum og alvarlega slösuðum í umferðinni, þannig að hlutfallsleg tíðni þeirra yrði ekki meiri á tímabilinu en hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í umferðaröryggismálum.

Umferðareftirlitið fór fram á tímabilinu 15. maí til 30. september 2007 og var það skipulagt í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra. Eftirlitið fór þannig fram að jafnaði að einn lögreglumaður sinnti því á lögreglubíl með ratsjártækjum og myndavélum („Eyewitness“-búnaði). Á höfuðborgarsvæðinu fór hluti eftirlitsins fram á bifhjólum sem ekki voru búin slíkum tækjum en þá sinntu fleiri lögreglumenn eftirlitinu samtímis. Lögregluembættin sýndu verkefninu mikinn áhuga og metnað við það, og reyndu eftir fremsta megni að fylgjast með öðrum brotum samhliða hinu sérstaka umferðareftirliti.

Löggæslusvæði voru tiltekin í viðauka við samstarfssamninginn um eftirlitið. Þar eru tilgreindir þeir vegkaflar og mælistaðir þar sem mörg slys hafa orðið á síðustu árum fram til 2005. Auk þess var bætt við nýjum stöðum þar sem mikið hefur verið um slys, samkvæmt upplýsingum úr lögreglukerfinu og frá lögregluembættunum.







Viðauki

Viðauki ársskýrslu 2007

Aðeins þarf að horfa aftur um fáeina áratugi til þess að sjá geysimikla þróun í löggæslu á Íslandi. Það eru innan við 40 ár síðan löggæsla var einkum starfrækt af sveitarfélögunum og árið 2007 var aðeins áratugur liðinn frá því að stofnað var sérstakt embætti ríkislög- reglustjóra en áður fór skrifstofa innan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með málefni lög- reglunnar. Öll sú mikla breyting sem orðið hefur á umgerð um starfsemi lögreglu til þessa dags hefur leitt af sér stórkostleg tækifæri hvað varðar samstarf lögregluumdæma, sam- ræmingu í löggæslu, bættu lögreglumenntun og sérhæfingu starfa. Það er álit ríkislög- reglustjóra að þau tækifæri hafi verið vel nýtt til eflingar löggæslu og almenningi til hagsbóta sem notanda þjónustu lögreglu. Hér á eftir er varpað ljósi á sitthvað sem markvert má telja í löggæslumálum frá stofnun embættis ríkislög- reglustjóra til þessa dags og er stiklað á stóru.

Ný lögreglulög. Embætti ríkislög- reglustjóra

Ný lögreglulög tóku gildi 1. júlí 1997 og kváðu þau meðal annars á um stofnun embættis ríkislög- reglustjóra. Um leið var Rannsóknarlög- regla ríkisins lögð niður og flest verkefni henn- ar flutt til lögregluembættanna en önnur til hins nýja embættis. Grundvallarbreytingar urðu á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar í landinu með nýjum lögreglulögum. Samkvæmt þeim er dómsmálaráðherra sem fyrr æðsti yfirmaður lögreglunnar en ríkislög- reglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans. Því færðust um leið til embættisins ýmis stjórn- sýsluverkefni á sviði löggæslu.

Fyrsti ríkislög- reglustjórinn var Bogi Nilsson en hann hafði áður unnið að undirbúningi að stofnun embættisins. Auk hans voru ráðnir og skipaðir 21 lögreglumaður og tíu aðrir starfsmenn. Bogi, sem lét af embætti 1. janúar 1998, var skipaður ríkissaksóknari og hinn 1. febrúar sama ár var Haraldur Johannessen skipaður ríkislög- reglustjóri. Hann hefur gegnt embættinu síðan.

Embætti ríkislög- reglustjóra tók til starfa í húsakynnum Rannsóknarlög- reglu ríkisins í Auð- brekku í Kópavogi en árið 2000 var starfsemin flutt í nýtt hús að Skúlagötu 21 í Reykjavík, þar sem hún er enn.

Þorsteinn Pálsson var dómsmálaráðherra við stofnun embættis ríkislög- reglustjóra og hann hafði sem slíkur verið leiðandi um breytingar á lögreglulögunum og lagabætur árin þar á undan. Við embætti dómsmálaráðherra tók Davíð Oddsson 11. maí 1999 í fáeina daga, þar

til Sólveig Pétursdóttir varð dómsmálaráðherra 28. maí það sama ár. Björn Bjarnason hefur svo verið dómsmálaráðherra frá 23. maí 2003 til þessa dags.

Markviss þróun lögreglunnar

Fyrsta ársskýrsla embættis ríkislögreglustjóra kom út árið 1999 og náði hún yfir bæði árin 1997 og 1998, sem var fyrsta heila starfsárið. Í ársskýrslunni velti ríkislögreglustjóri fyrir sér þeirri hugmynd hvort rétt væri að stefna að sameiningu og fækkun lögregluumdæmanna í landinu ásamt því að setja yfir þau lögreglustjóra sem eingöngu sinntu því starfi. Þar með hreyfði hann í fyrsta sinn opinberlega hugmynd sem síðar hefur náð fram að ganga að stóru leyti.

Fækkun og stækkun lögregluembættanna

Hinn 4. nóvember 2003 sendi Björn Bjarnason dómsmálaráðherra frá sér skipunarbréf um verkefnisstjórn til að semja tillögur um nýskipan lögreglumála. Verkefnisstjórnin skilaði tillögum sínum í skýrslum á árinu 2005. Það var svo í janúarbyrjun 2006 að dómsmálaráðherra kynnti niðurstöður sínar um nýskipan lögreglumála í ríkisstjórn og fyrir almenningi. Meðal helstu atriða þeirra voru ákvörðun um fækkun lögregluumdæma í 15 úr 26. Þar af yrðu sjö skilgreind sem lykilembætti: á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Selfossi, í Keflavík og nýtt embætti á höfuðborgarsvæðinu. Í hugtakinu lykilembætti felst að þar er starfrækt sérstök rannsóknardeild til að sinna stórum og flóknum málum. Einnig er gert ráð fyrir að lykilembætti stuðli að samræmingu vakta lögreglumanna í viðkomandi landshluta. Um leið var boðað nýtt fyrirkomulag um saksókn í opinberum málum. Sú framkvæmd að fækka umdæmum og stækka þau um leið, felur í sér ótalmarga kosti, á sér fordæmi í ýmissi stjórnsýslu á sviði ríkisvaldsins og sveitarfélaganna, og er auðveldlega framkvæmanleg með stórbættum samgöngum og samskiptatækni síðustu ára.

Árið 1997–1999

Útgáfa leiðbeininga og fyrirmæla til lögreglu var talsvert fyrirferðarmikil í starfseminni auk nýbreytni á sviði löggæslu. Embættið beitti sér fyrir samvinnu lögreglulíðanna 27 og samstarfi tolla- og lögreglufirvalda.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri beindi þeim tilmælum til allra lögreglustjóra landsins að þeir tækju mið af því markmiði að koma í veg fyrir afbrot og draga úr fjölda þeirra eftir mætti við skipulagningu og stjórnun löggæslunnar. Var því sérstaklega beint til lögreglustjóranna að fækkun innbrota, þjófnaða, líkamsárása, rána og eignaspjalla um 20% væri markmið sem þeir gætu sett sér. Í því sambandi vakti ríkislögreglustjórinn athygli lögreglustjóranna á virkri stjórnun lögreglu, svo sem að beina löggæslunni að þeim stöðum og á þann tíma þegar afbrot eru helst framin. Þannig geti hver lögreglustjóri sett lögreglulíði sínu skýr markmið og forgangsraðað þeim verkefnum er hann telur brýnust.

Starfsárið 1999 einkenndist af vaxandi verkefnum og aukinni starfsemi á flestum sviðum.

Krefjandi verkefni reyna á skipulag, búnað og mannafla

Saga lögreglunnar á Íslandi er mjög fjölskrúðug og tíðindasöm á köflum. Samfélagsþróun á hverjum tíma leiðir auðvitað af sér tilsvarende þróun löggæslunnar. Lögreglan þarf alltaf að vera í stakk búin til þess að mæta nýjum tegundum brota, breytingum á framkvæmd



brota og öðrum ytri aðstæðum. Það væri ef til vill óvarlegt að halda því fram, eins og stundum má ætla af opinberri umræðu, að lögreglustarfið sé stöðugt að verða hættulegra og gróft ofbeldi fari vaxandi, í það minnsta ef litið er yfir mjög langt tímabil. Sagan geymir fjöldamörg dæmi um hættulegar og krefjandi kringumstæður sem lögregla hefur starfað við, þar sem órói og spennu hefur verið í samfélaginu um lengri eða skemmri tíma af einhverjum ástæðum. Nefna má krepputíma fjórða áratugarins og ár seinni heimsstyrjaldar-

innar sem dæmi. Hætturnar sem lögreglunni og almenningi eru búnar eru sumpart af öðrum toga en áður. Afbrotin eru að sama skapi með breyttu mynstri en umfram allt fjölbreyttari. Fjölbreytnin helgast einkum af flóknari samfélagsgerð, aukinni tæknivæðingu og yfirgripsmeiri reglusetningu. Þar má tína ýmislegt til: dreifing og neysla fíkniefna er orðin mjög samþætt mörgum öðrum brotaflokkum, varsla og beiting hvers kyns vopna heyrir ekki til tíðinda sem áður og svokallaðir netglæpir og margt annað sem stóð utan reynsluheims gærdagsins endurspeglar nútímann með afgerandi hætti.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur alveg frá stofnun lagt áherslu á að mæta aðstæðum á hverjum tíma, með samræmingu milli umdæma, sérhæfingu

Árið 2000

Embættið tók yfir umsjón og rekstur lögreglubifreiða og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Reykjavík til að þjóna öllum lögregluembættum landsins, sem var hvort tveggja stórt skref til framfara.

Gerð var útarleg athugun á líkamsárásarmálum sem tilkynnt voru lögreglunni á árinu 1999 og til samanburðar var einnig byggt á gögnum frá slysa- og bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi um komur þangað vegna ofbeldisáverka.

Mikið starf fólst í undirbúningi að Schengen-samstarfinu, þúsund ára afmæli kristnitöku og fjölda opinberra heimsókna erlendra gesta til landsins. Ísland hélt Evrópufund Interpol, í fyrsta sinn frá aðild landsins að samtökunum árið 1971. Þá var sinnt undirbúningi að formlegu samstarfi Íslands og Europol (löggeslustofnun Evrópu), sem lauk með undirritun samstarfssamnings.

deilda og einstakra starfsmanna, viðeigandi tækjabúnaði, þjálfun og öðrum þáttum sem máli kunna að skipta. Þegar litið er yfir hina skömmu sögu embættisins, sést að breytingar hafa orðið bæði margar og miklar.

Fjarskipti

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið fól ríkislögreglustjóra í lok árs 1997 að athuga hvort lögreglan ætti að taka upp samræmt fjarskiptakerfi í samvinnu við aðra viðbragðsaðila. Meginniðurstaða starfshóps ríkislögreglustjóra var sú að leggja til að tekið yrði upp svokallað TETRA-fjarskiptakerfi, sem er stafrænt og afar fullkomið, svo sem til ýmiss konar gagnaflutnings. Í ljósi fyrirhugaðrar kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000 og mikilvægis samræmdra fjarskipta á þeim tíma, lagði hópurinn áherslu á upptöku nýs, samræmds fjarskiptakerfis í tíma fyrir þann viðburð. Jafnframt lagði hópurinn til að komið yrði á laggirnar stjórnstöð lögreglunnar í tengslum við Neyðarlínuna 1-1-2.

Meginkjarninn í tillögum starfshópsins gekk eftir og fyrsti starfsdagur fjarskiptamiðstöðvar var 19. júní 2000, þegar lögreglustjóraembættið í Reykjavík flutti fjarskiptaþjónustu sína til hennar. Skömmu síðar gerðu lögregluliðin í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík og á

Keflavíkurflugvelli hið sama. Nú er svo komið að öll lögregluembætti landsins njóta þjónustu fjarskiptamiðstöðvarinnar. Nú eru 19 starfsmenn á fjarskiptamiðstöð, þar af 16 á vöktum. Starfsmannaveltan hefur alla tíð verið lítil, sem gerir vinnubrögð vandaðri og markvissari en ella.

Með tilkomu fjarskiptamiðstöðvar hófst farsælt og gott samstarf við Neyðarlínuna. Neyðarlínan svarar öllum símtölum vegna neyðartilvika og aðstoðarbeiðna til lögreglu, sem áður fóru um sérstök útkallsnúmer (neyðarnúmer) lögregluliðanna. Neyðarlínan annast fyrstu skráningu og forgangsroðun neyðarsímtala eftir því hvort um er að ræða neyðarverkefni eða önnur útkallsverkefni og framsendir þau síðan vélrænt

til fjarskiptamiðstöðvar. Þannig er öllum símtölum beint til hennar, þegar óskað er aðstoðar lögreglu. Símtölum, sem ekki teljast neyðarverkefni eða önnur útkallsverkefni, vísar Neyðarlínan hins vegar í símanúmer viðkomandi lögregluliðs.

Þá gerði hið nýja TETRA-kerfi það mögulegt að setja upp ferilvöktunarbúnað, sem sýnir staðsetningu ökutækja lögreglu hverju sinni, hversu hratt þeim er ekið, hvort neyðarljósabúnaður hafi verið notaður og hvort ökutækin séu í umferð. Þetta ferilkerfi gefur aukna



Árið 2001

Alþjóðasamstarf var enn aukið og eftl. Landsskrifstofa Interpol á Íslandi fékk mjög lofsamlega umsögn í úttekt eftirlitsnefndar á vegum stofnunarinnar og var í skýrslu hennar talað um skrifstofuna sem „ideal setup“ fyrir aðrar slíkar. Þá tók Ísland við formennsku í PTN (samstarfsvettvangi lögreglu á Norðurlöndum).

möguleika á skipulagi aðgerða og stuðlar um leið að aukinni skilvirkni í starfi ásamt auknu öryggi fyrir lögreglumenn. Ýmsir hafa gengið svo langt að segja TETRA-fjarskiptakerfið ásamt miðlægri stjórnstöð hafa í raun skapað byltingu í starfi viðbragðsaðila, svo sem vegna alvarlegra slysa. Því er við að bæta að fjarskiptamiðstöðin hefur átt drjúgan þátt í því markmiði að samræma framkvæmd starfa lögreglunnar um landið allt.

Til fróðleiks má nefna að íslensk lögregla hefur áður verið í fararbroddi á sviði fjarskipta. Lögreglan í Reykjavík mun hafa verið annað lögregluliðið í heiminum til þess að taka upp talstöðvafjarskipti, næst á eftir lögreglunni í Chicago í Bandaríkjunum.

Sérsveit eflid og færð undir embætti ríkislögreglustjóra

Starfræksla sérsveitar og tveir yfirmenn hennar færðust til ríkislögreglustjóra 1999 frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Almennir liðsmenn voru áfram hjá lögreglunni í Reykjavík og á Akureyri við dagleg störf. Því var breytt 2004 og lögreglumenn í sérsveit sem störfuðu hjá lögreglunni í Reykjavík færðust til ríkislögreglustjóra sem starfrækir sérsveit sem stöðdeild á sólarhringsvöktum. Sérsveitarmenn á Akureyri og Suðurnesjum hafa einnig færst til ríkislögreglustjóra.

Tillaga dómsmálaráðherra um eflingu sérsveitarinnar var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 10. febrúar 2004. Í rökstuðningi sínum vegna þessa vísaði ráðherra til nýlegra atburða og vaxandi hörku í afbrotum.

Árið 2002

Embættið lét gera athugun á atriðum sem sneru að þjónustu lögreglunnar, verklagi við yfirheyrslur, ofbeldi í fíkniefnaheiminum, fjármögnun fíkniefnaneyslu o.fl.

Í samvinnu við Námsgagnastofnun voru gefnar út svonefndar lögreglumöppur, sem er fræðsluefni lögreglu fyrir skóla og forelda.

Embættið hefur sætt gagnrýni vegna aðgerða sinna í svokölluðu Baugsmáli þar sem því var haldið fram að viðskiptahagsmunum fyrirtækisins hefði verið stefnt í trisýnu vegna hútleitar lögreglunnar. Fullyrt var að annarleg sjónarmið réðu aðgerðum embættisins. Opnber umræða um þátt lögreglu við rannsókn þessa sakamáls hefur því miður einkennst af tilhæfulausum staðhæfingum og jafnvel samsæriskenningum.

Um leið var mörkuð sú stefna að fjölga sérsveitarmönnum úr 21 í yfir 50 á komandi árum þannig að sveitinni yrði kleift að sinna lágmarkskröfum, með tilliti til almenns öryggis og skuldbindinga Íslands vegna flugverndar, siglingaverndar og friðargæslu.

Með þessari skipan er hreyfanleiki sérsveitarmanna milli umdæma um allt land mun betur tryggður en áður. Auk þess að styrkja allt lögreglustarf í landinu, raskar sérsvaitin ekki lengur starfsemi almennrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna brotthvarfs manna til sérsveitarstarfa eða þjálfunar. Engu að síður munu sérsveitarmenn áfram sinna almennum lögreglustörfum samhliða þjálfun og verkefnum sem sérsveitarmenn, því erfið og krefjandi lögregluverkefni eru í reynd raunhæf þjálfun. Þeir nýtast þannig daglega til almennra löggæslustarfa, einkum á höfuðborgarsvæðinu, en jafnframt í sérstök verkefni um allt land.



Verkefnaðið löggæsla

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að skoða afbrot og verkefni í víðtækara og svæðisbundnara samhengi en áður hefur verið gert með innleiðingu verkefnaðið löggæslu (VML). Með VML er leitast við að komast að rót þeirra vandamála sem koma til kasta löggæslunnar og finna lausnir í stað þess að takast einkum á við afleiðingar tiltekins ástands sem oft felst í einstökum útköllum lögreglu. Oft er þetta ítrekað ástand án varanlegrar lausnar. Þannig er eitt tiltekið mál eða einangrað tilvik ekki verkefni í þessum skilningi, heldur safn tilvika sem eiga sér sameiginlega orsök eða upphaf.

Árið 2003

Sú breyting var gerð á lögum um almannavarnir að stofnunin Almannavarnir ríkisins var lögð niður og starfsemin flutt til embættis ríkislögreglustjóra. Þar hefur mikil uppbygging átt sér stað og töluverð útgáfustarfsemi.

Hinn 29. janúar fluttist fjarskiptamiðstöðin í nýtt húsnæði í Skógarhlíð. Innréttingar og fyrirkomulag tekur allt mið af starfseminni og býr henni bestu mögulegar aðstæður.

Á árinu var haldið upp á 200 ára afmæli hinnar einkennisklæddu lögreglu. Til að minnast þess var m.a. gefið út afmælismerki, minnispeningar, minjagripir og kynningarrit um sögu, þróun og uppbyggingu lögreglunnar á Íslandi, auk þess sem sögusýning lögreglunnar var opnuð. Þá gaf Íslandspóstur út tvö frímerki til minningar um þessi tímamót. Svokallaður lögregludagur var haldinn hjá öllum lögreglulíðum landsins hinn 26. apríl en þá heimsóttu um 10.000 manns lögregluna.

VML getur falið í sér að lögreglan kemur ein að málum en líka er gert ráð fyrir mjög nánu samráði og samstarfi við stofnanir og aðra eftir því sem við á.

Ríkislögreglustjóri bauð öllum lögreglustjórum landsins á árinu 2006 að taka þátt í innleiðingu VML sem frumkvöðlaverkefni, þar af gáfu sjö sig fram til þátttökkunnar. Tekin var saman handbók um VML í samstarfi við Lög-

regluskólann, þar sem farið var í saumana á hugmyndafræðinni, verkferlunum og fleira. Útbúin voru rafræn eyðublöð til að auðvelda verkferla og annað gert til þess að auðvelda mat á árangri af starfinu. Frumkvöðlaembættin hófust þegar handa við verkefni byggð á VML-aðferðafræðinni og eru miklar vonir bundnar við framhaldið.

Markviss framþróun

Allt frá setningu nýrra lögreglulaga nr. 90/1996 hafa málefni lögreglunnar færst til betri vegar og þróast með mjög markvissum hætti. Lögin mæltu auk annars fyrir um stofnun embættis ríkislögreglustjóra frá 1. júlí 1997. Tilurð og tilvist þess embættis hefur auðvitað haft mjög mótandi áhrif á alla hugsun varðandi framvindu lögreglumála og verið ákveðinn hornsteinn löggæslu á Íslandi. Allt frá stofnun embættisins hefur þannig verið byggt ofan á nýtt heildarskipulag löggæslu sem hefur að flestu leyti reynst afar vel. Er mikilvægt að sú þróun fái að halda áfram í takt við þær aðstæður sem löggæslan þarf að mæta á hverjum tíma.

Árið 2004

Kynningarrit um embætti ríkislögreglustjóra var gefið út á íslensku og ensku og ágríp af sögu lögreglunnar á Íslandi gefið út á ensku.

Mikið var unnið að forvörnum á árinu. Þá var stofnaður stýrihópur ríkislögreglustjóra um varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem skilaði tillögum til dómsmálaráðherra er mælti fyrir um frekara starf í þessum efnum.

Hér aftar er gerð stutt grein fyrir niðurstöðum Ríkisendurskoðunar um það hvernig embætti ríkislögreglustjóra hefur tekist að rækja helstu hlutverk sín.

Ný lög nr. 46/2006 um breytingar á skipulagi lögreglunnar voru samþykkt á Alþingi og tóku gildi 1. janúar 2007. Þau höfðu þann megintilgang að efla og bæta löggæsluna og gera hana betur í stakk búna til að takast á við ný og krefjandi verkefni.



Úttekt Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjóra

Ítarlegri úttekt Ríkisendurskoðunar á embættinu lauk með útgáfu skýrslu í október árið 2006. Forsaga þess var sú að árið 2004 óskaði dómsmálaráðherra eftir því að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á bifreiðarekstri ríkislögreglustjóra til að meta árangur af breytingum sem gerðar voru árið 2000. Stofnunin ákvað þá að gera stjórnýsluúttekt sem næði til fleiri þátta í starfsemi embættisins. Markmiðið var einkum að kanna og meta hlutverk embættis ríkislögreglustjóra í ljósi þróunar löggæslunnar og hugmynda um breytta skipan lögreglumála sem að nokkru leyti var lögfest með áðurnefndum breytingum á lögreglulögum. Leit að var svara við eftirfarandi meginspurningum:

- * Hvernig hafa verkefni, skipulag og kostnaður þróast frá stofnun embættisins?
- * Hvernig hefur embættið sinnt samræmingar-, eftirlits- og þjónustuhlutverki sínu gagnvart lögregluembættinum?
- * Hvernig er stjórnskipulag íslensku lögreglunnar samanborið við nágrannalöndin?
- * Hverjir eru helstu veikleikar skipulagsins og hvaða leiðir eru færar til úrbóta, einkum með tilliti til framtíðarhlutverks embættisins?

Auk þessara meginspurninga var ákveðið að athuga sérstaklega starfsemi efnahagsbrota-deildar ríkislögreglustjóra.

Árið 2005

Embættið stóð að umfangsmikilli rannsókn á siðferði og heildarleika innan lögreglunnar á Íslandi. Þá stóð embættið í samvinnu við Háskóla Íslands að útgáfu ritsins Brotapólar, lögreglan og öryggi borgaranna, sem gefur góða mynd af stöðu afbrota á Íslandi, viðhorfum brotapolna til þjónustu lögreglunnar og fleira.

Ríkislögreglustjóri ákvað í maí að hrinda af stað sameiginlegum aðgerðum sérsveitarinnar og nokkurra lögregluliða gegn svokölluðum handrúkkurum. Talsverð almenn umræða hafði verið um ofbeldisverk þeirra og hafði meðal annars komið fram ótti meðal polenda við að leggja fram kærur hjá lögreglu.

Stendur undir markmiðum og væntingum

Lesi má út úr skýrslunni að þau markmið sem að var stefnt með stofnun embættis ríkislögreglustjóra hafi náð fram að ganga, embættið hafi skilað góðum árangri fyrir lögregluna í landinu og eftt réttaröryggi borgaranna. Þá kemur fram að aukin fjárframlög til löggæslumála hafi skilað samfélaginu umtalsverðum árangri, þótt áréttuð sé nauðsyn þess að tryggja að skipulag og starfshættir lögreglunnar séu jafnan þannig að nýting fjármuna sé eins og best verði á kosið.

Aukin viðfangsefni hafa leitt til aukinnar framþróunar innan lögreglunnar

Rakið er hvernig viðfangsefni sem áður voru á ábyrgð annarra hafa verið falin embættinu og gerð er grein fyrir þróunarvinnu sem átt hefur sér stað. Að hluta til hafi aukinn kostnaður í rekstri embættisins vegna nýrra viðfangsefna leitt til lægri kostnaðar hjá lögreglu-

embættunum og dæmi eru þess að ný viðfangsefni hafi skapað möguleika á hagræðingu í rekstri lögregluembættanna.

Ríkisendurskoðun gerir enga athugasemd við þær ráðstafanir stjórnvalda að fela embættinu ný viðfangsefni, svo sem starfrækslu almannavarnadeildar, alþjóðadeildar, bílamiðstöðvar, fjarskiptamiðstöðvar og sérsveitar.



Sterk fjármálastjórn

Draga má þá ályktun af niðurstöðunum að Ríkisendurskoðun telji embættið búa við sterka fjármálastjórn og núverandi skipulag hafi ekki komið í veg fyrir skilvirka og markvissa starfsemi. Tillögur Ríkisendurskoðunar um endurskoðun á skipuriti embættisins, þ.e. að það verði gert heildstæðara, féllu ágætlega að þeirri vinnu sem þá stóð yfir hjá embættinu í tengslum við breytingar á lögreglulögum.

Færa ætti aukin viðfangsefni á sviði stjórnsýslu til embættisins

Lagt er til að embættinu verði falin frekari verkefni á sviði stjórnsýslu, svo sem að taka við gerð samninga við lögregluembættin um árangursstjórnun, sem hefur verið á hendi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Fram kemur að þróunarstarf og rannsóknir embættisins og annarra embætta á undanförunum árum, svo sem viðamikil söfnun upplýsinga um afbrot og afbrotatölfræði, hafi skapað forsendur til að halda áfram þróun samninga um árangursstjórnun innan lögreglunnar. Eðlilegt sé að slíkar upplýsingar verði nýttar við markmiðssetningu í framtíðinni, bæði fyrir lögregluna í heild og einstök lögregluembætti.

Hagræðing, samræming, framþróun og öryggi

Fram kemur að embætti ríkislögreglustjóra hafi stuðlað að margvíslegum framförum innan lögreglunnar og beitt sér fyrir ýmsum nýjungum til að bregðast við breyttu eðli og umfangi afbrota. Þannig hafi það m.a. unnið að því að samræma og bæta skipulag við framkvæmd

löggæslu í takt við breyttar aðstæður og kröfur. Þá hafi embættið unnið ötullega að því að samræma stjórnun og innra skipulag lögregluembættanna. Í viðhorfskönnun Ríkisendurskoðunar meðal allra lögregluembætta landsins kom fram að um 91% lögreglustjóranna voru frekar eða mjög sammála því að embætti ríkislögreglustjóra útvegi embættunum fullnægjandi búnað við störf sín og mikil ánægja var með að hafa þessa þjónustu miðlæga hjá ríkislögreglustjóra.

Aðstoð og stuðningur við lögreglustjóra

Ekki verður annað séð af niðurstöðum Ríkisendurskoðunar en að embættið hafi sinnt aðstoðarhlutverki sínu ágætlega, hvað varðar upplýsingamiðlun, milligöngu um liðsstyrk frá einu umdæmi til annars og rannsóknaraðstoð. Um 90% lögreglustjóra eru sammála því að embættið veiti rannsóknaraðstoð þegar eftir því er leitað og í viðtölum starfsmanna Ríkisendurskoðunar við fulltrúa lögregluembættanna kom almennt fram ánægja með þá aðstoð sem embætti ríkislögreglustjóra hefur veitt á þessu sviði.

Þróun í fullkomnu samræmi við ákvarðanir stjórnvalda

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er þess getið að embætti ríkislögreglustjóra hafi ávallt verið rekið innan fjárheimilda, að árinu 2000 undanskildu. Skýring á framúrkeyrslu þá upp á 91,8 milljónir króna liggur í því að þetta ár var bílarekstur lögreglunnar í landinu (bílamíðstöðin) færður undir embætti ríkislögreglustjóra frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Því fylgdi halli af fjárlagalið ráðuneytisins upp á 41,4 milljónir. Um leið var ákveðið í samráði við dómsmálaráðherra að ráðast í mikla endurnýjun á ökutækjum lögreglunnar í landinu, sem nam

52,6 milljónum króna umfram tekjur. Ríkislögreglustjóri greip þegar á árinu 2001 til aðhaldsaðgerða til að mæta þessum fjárlagahalla ársins 2000.

Því er það dagljóst að embættið hefur ekki vaxið umfram það sem stjórnvöld hafa sjálf ákveðið á hverjum tíma. Sá vöxtur hefur líka miðað að hagræðingu fyrir lögreglu á landsvísu og bættri þjónustu við almenn- ing. Báðar þessar staðreyndir vilja stundum gleymast í almennri og opinberri umræðu.

Árið 2006

Hafinn var undirbúningur að því að fá hljóð- og myndbands- upptökubúnað við yfirheyrslur hjá lögreglu og gengið var til samstarfs við norskt fyrirtæki sem hannað hafði slíkan upptökubúnað í samvinnu við þarlend yfirvöld. Hér er um mikið framfaraskref að ræða út frá faglegri hlið lögreglu yfirheyrslna og búnaðurinn á einnig að nýtast til að stytta rannsóknartímann og auðvelda sönnunarfærslu fyrir dómi.

Unnið var að því að koma upp hjá lögregluliðunum nýjum og mjög fullkomnum búnaði til töku á öndunarsýnum þegar grunur leikur á að öku maður sé undir áhrifum áfengis. Með búnaðinum er hægt að draga mjög úr því að færa þurfi fólk í blóðsýnatöku og endanleg niðurstaða um áfengismagn í blóði liggur strax fyrir. Þetta gerir vinnu lögreglu skilvirkari og flýttir meðferð málanna.

Mikil vinna var lögð í að búa lögregluembættin undir samræmt stöðumat og mörkun stefnu hvers þeirra um sig. Sett var upp módel fyrir embættin að fara eftir. Embætti ríkislögreglustjóra aðstoðaði lögregluembættin við útfærsluna og markmiðasetningu að öðru leyti. Þá var unnin ítarleg skýrsla með upplýsingum til undirbún- ings því að setja lögreglunni löggæslumarkmið á árinu 2007.



